



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 14. desember 2017

Ákvörðun nr. 45/2017

Endurupptaka á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014, Misnotkun Securitas hf. á markaðsráðandi stöðu sinni

Efnisyfirlit

	bls.
I. TILDRÖG OG MÁLSMEÐFERÐ	2
II. NIÐURSTÖÐUR.....	6
1. Um endurupptökuna, málsmeðferð og athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar	6
2. Markaðurinn og staðan á honum	9
3. Misnotkun Securitas á markaðsráðandi stöðu sinni	10
3.1 Niðurstaða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 um brot Securitas	11
3.2 Málið fyrir áfrýjunarnefnd og ósk Securitas um endurupptöku málsins.....	12
3.3 Rannsókn óháðra matsmanna á kostnaði Securitas vegna öryggisþjónustu ...	14
3.4 Sjónarmið Securitas og Öryggismiðstöðvarinnar um niðurstöðu matsmanna .	16
3.5 Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um brot Securitas	17
3.6 Brot samkvæmt 54. gr. EES-samningsins	24
4. Ófullnægjandi upplýsingagjöf Securitas við meðferð málsins	25
5. Sátt um lok málsins við Securitas og breytingar á viðurlögum	30
III. ÁKVÖRÐUNARORÐ.....	33



I. TILDRÖG OG MÁLSMEÐFERÐ

Með ákvörðun þessari er leidd til lykta rannsókn sem hófst vorið 2015 með endurupptöku ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014, *Misnotkun Securitas hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*. Til grundvallar ákvörðuninni liggur sátt sem Samkeppniseftirlitið hefur gert við Securitas hf. (hér eftir Securitas). Með sáttinni fellst Securitas á að hafa bundið viðskiptavinum sína með einkakaupasamningum, til lengri tíma en því sem markaðsráðandi fyrirtæki var heimilt. Því hefði fyrirtækið misnotað markaðsráðandi stöðu sína, sbr. 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Rannsókn málsins nú leiðir hins vegar í ljós að brotin voru ekki eins alvarleg og talið var í ákvörðun nr. 40/2014. Það og sú staðreynd að Securitas óskaði eftir sátt, leiðir til þess að sektir hafa verið lækkaðar verulega, samanborið við upphaflega ákvörðun.

Þá fellst Securitas á að hafa veitt Samkeppniseftirlitinu rangar upplýsingar við upphaflega rannsókn málsins, sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014. Fellst fyrirtækið á að greiða sektir vegna þessa.

1.

Aðdraganda þessarar ákvörðunar má rekja til þess að þann 19. desember 2014, tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 40/2014, *Misnotkun Securitas hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að Securitas hf. (hér eftir Securitas) hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki, sbr. 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Fólust brot Securitas í því að fyrirtækið gerði einkakaupasamninga við viðskiptavinum sína um svokallaða Heimavörn og Firmavörn, en samningarnir fólu í sér að viðskiptavinunum var óheimilt að eiga viðskipti við aðra þjónustuaðila um nokkurra ára skeið. Einnig voru í samningunum ákvæði sem voru til þess fallin að skapa aukna tryggð viðskiptavina Securitas. Vegna þessara brota var Securitas gert að greiða 80 milljón króna stjórnvaldssekt í ríkissjóð.

Með bréfi dags., 15. janúar 2015, kærði Securitas ákvörðun nr. 40/2014 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og krafðist ógildingar á ákvörðuninni. Samhliða þeirri kæru var lagt fram minnisblað frá PricewaterhouseCoopers ehf. (hér eftir PWC) um kostnað við uppsetningu varnar- og eftirlitsbúnaðar hjá einstaklingum og fyrirtækjum (Heimavörn og Firmavörn). Um var að ræða nýjar upplýsingar sem ekki lágu til grundvallar þegar ákvörðun nr. 40/2014 var tekin. Nánar tiltekið var um að ræða þriðja mat Securitas á þeim kostnaði sem lægi að baki því að setja upp og þjónusta Heimavarnar- og Firmavarnarkerfi fyrirtækisins en fyrirtækið hafði áður lagt fram tvö mismunandi kostnaðarmöt undir meðferð málsins sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014 eins og nánar er rakið í þeirri ákvörðun.

Á meðan málið var til meðferðar í áfrýjunarnefnd samkeppnismála óskaði Securitas, með bréfi dags. 16. mars 2015, eftir því að Samkeppniseftirlitið myndi endurupptaka ákvörðun nr. 40/2014, á grundvelli ákvæða 1. og 2. töluliðar 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var það mat fyrirtækisins að þessar nýju upplýsingar sem lutu að kostnaði Securitas við gerð viðskiptasamninga um öryggisþjónustu og lagðar höfðu verið fram fyrir áfrýjunarnefndina, hefðu þýðingu við mat á þeirri háttsemi sem leiddi til ákvörðunarinnar. Samhliða þeirri beiðni afturkallaði fyrirtækið kæru sína til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.



Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. mars 2015, féllst eftirlitið á að endurupptaka málið sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014 með eftirfarandi hætti:

1. Sú niðurstaða ákvörðunar nr. 40/2014 að Securitas hafi verið markaðsráðandi og brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga skyldi standa óhöggud.
2. Í hinu endurupptekna máli yrði nýtt mat lagt á kostnað Securitas við gerð viðskiptasamninga um öryggisþjónustu.
 - Í því sambandi myndi Samkeppniseftirlitið tilnefna óháðan aðila sem rannsaka myndi umræddan kostnað Securitas. Kostnaður af starfi hans skyldi vera greiddur af Securitas.
 - Samkeppniseftirlitið myndi hafa hliðsjón af niðurstöðu hins óháða aðila við mat á því hvort nýjar upplýsingar breyttu fyrri afstöðu þess varðandi umræddan kostnað og hvað gæti talist eðlilegur binditími samninga Securitas.
 - Samkeppniseftirlitið myndi einnig meta hvort nýjar upplýsingar um kostnað gætu haft áhrif á alvarleika brots þannig að þær leiddu til lækkunar sekta.
3. Samkeppniseftirlitið myndi ennfremur meta hvort upplýsingagjöf Securitas í málinu sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014 hefði verið í samræmi við 19. gr. samkeppnislaga. Hefði svo ekki verið kynni Samkeppniseftirlitið að beita stjórnvaldssektum vegna þess.
4. Að beiðni Securitas væri Samkeppniseftirlitið reiðubúið að láta á það reyna að þessu nýja máli yrði lokið með sátt. Ella lyki málinu með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þar sem afstaða væri tekin til þess sem tilgreint væri í liðum 2-3.

Með tölvupósti dagsettum sama dag féllst Securitas á framangreindar forsendur Samkeppniseftirlitsins fyrir endurupptöku.

2.

Þann 28. maí 2015, voru sérfræðingar á vegum Grant Thornton endurskoðunar ehf. (hér eftir Grant Thornton) skipaðir sem óháðir aðilar til að rannsaka kostnað Securitas við gerð viðskiptasamninga um öryggisþjónustu á grundvelli framangreindra skilyrða. Fengu þeir afhend gögn málsins, auk viðbótargagna frá PWC og Securitas. Þá áttu sérfræðingarnir m.a. fundi með Samkeppniseftirlitinu, forsvarsmönnum Securitas og fulltrúum PWC. Frumdrög að skýrslu matsmanna lágu fyrir þann 6. október 2015. Samkeppniseftirlitið taldi hins vegar eftir að hafa farið yfir drögin að nauðsynlegt væri að rannsókn matsmanna spannaði lengra tímabil en unnt var að rannsaka á grundvelli þeirra gagna sem þegar lágu fyrir. Fóru matsmenn því í frekari öflun gagna sem spönnuðu allt brotatímabilið frá 2006 til 2011. Þau gögn lágu fyrir í febrúar 2016. Var um að ræða greiningu á kostnaði fyrir tveggja mánaða tímabil á hverju umræddu ári. Nánar tiltekið var um að ræða nóvember/desember 2006, maí/júní 2007, mars/apríl 2008, september/október 2009, janúar/febrúar 2010 og júlí/ágúst 2011. Þann 12. maí 2016 skiluðu matsmenn endanlegri skýrslu um rannsókn á kostnaði vegna Heimavarnar Securitas. Niðurstaða matsmanna var sú að stofnkostnaður vegna öryggiskerfis fyrir Heimavörn væri [...]¹ kr. Matsmenn settu einnig fram mat sitt á binditíma. Töldu þeir að það tæki 24-30 mánuði að greiða upp stofnkostnað þjónustunnar að teknu tilliti til óbeins rekstrarkostnaðar vegna þjónustunnar

¹ Upplýsingar innan hornklofa eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari. Upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili.



(mismunandi eftir tímabilum). Ef horft væri til stofnkostnaðar eingöngu tæki það 17-19 mánuði að greiða hann upp. Nánar er gerð grein fyrir niðurstöðum í skýrslu matsmanna í kafla II. 3.3 hér á eftir.

3.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 6. júlí 2016, var Securitas sent eintak af skýrslu Grant Thornton til athugasemda. Athugasemdir Securitas bárust með bréfi dagsettu 10. október 2016.

Í meginatriðum féllst Securitas á niðurstöðu í skýrslu matsmanna og segir að í henni sé staðfest og rökstutt með viðeigandi hætti að binditími samninga Securitas hafi ekki haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnisréttar. Taldi Securitas rétt að Samkeppniseftirlitið hefði niðurstöðu skýrslunnar til hliðsjónar í ákvörðun í nýju máli. Nánar er fjallað um sjónarmið Securitas um skýrslu matsmanna í kafla II. 3.4 hér á eftir.

4.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 3. febrúar 2017, var Öryggismiðstöðinni hf. (hér eftir Öryggismiðstöðin), sem var kvartandi í fyrra máli, sent eintak af skýrslu matsmanna til athugasemda. Í því eintaki sem Öryggismiðstöðin fékk afhent höfðu trúnaðarupplýsingar verið felldar út. Frestur Öryggismiðstöðvarinnar til að skila upplýsingum var veittur til 17. febrúar 2017.

Með tölvupósti dags. 7. febrúar 2017, óskaði Öryggismiðstöðin eftir framlengdum fresti til að skila að athugasemdum til 6. mars 2017. Þá var í tölvupóstinum óskað eftir öðru afriti af skýrslunni þar sem upplýsingar hefðu ekki verið afmáðar í jafn miklum mæli. Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins dags. 8. febrúar 2017, var svarfresturinn framlengdur til 6. mars 2017. Í sama tölvupósti var ennfremur bent á að umrædd skýrsla væri unninn upp úr bókhaldsgögnum Securitas og að mati fyrirtækisins væru þær upplýsingar sem felldar hefðu verið á brott viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sem eðlilegt væri að leynt færu, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Eftir að hafa fengið lengri frest bárust athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar þann 14. mars 2017.

Í athugasemdum Öryggismiðstöðvarinnar mótmælti fyrirtækið brottfellingu upplýsinga úr skýrslu matsmanna. Taldi fyrirtækið að engin leið væri að átta sig á forsendum og niðurstöðum skýrslunnar. Þá voru gerðar athugasemdir við að matsmenn hefðu átt fundi með Securitas og PwC og fengið upplýsingar frá þessum aðilum en ekki leitað til Öryggismiðstöðvarinnar. Mótmælti Öryggismiðstöðin því að niðurstöður skýrslunnar gætu orðið grundvöllur að nýrri ákvörðun í málinu. Nánar er fjallað um sjónarmið Öryggismiðstöðvarinnar um formhlið málsins og þau metin í kafla II. 1 hér á eftir. Efnislegum sjónarmiðum eru hins vegar gerð skil í kafla II. 3.4.

5.

Með tölvupósti dags. 21. mars 2017 voru Securitas sendar athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar. Í sama tölvupósti óskaði Samkeppniseftirlitið ennfremur eftir því að Securitas myndi endurskoða mat sitt um að sá mánaðarfjöldi sem það tæki greiða niður stofnkostnað samkvæmt niðurstöðu matsmanna væru trúnaðarupplýsingar. Með tölvupósti Securitas dags. 25. mars 2017, kom fram að fyrirtækið gerði ekki athugasemdir við að



niðurstaða matsmanna um þann mánaðarfjölda sem það tæki að greiða stofnkostnaðinn til baka, yrðu gerðar aðgengilegar gagnvart Öryggismiðstöðinni. Í ljósi þessa var Öryggismiðstöðinni sendur tölvupóstur, dags. 28. mars 2017. Í þeim tölvupósti var m.a. upplýst um framangreinda niðurstöðu matsmanna um binditíma og Öryggismiðstöðinni veitt tækifæri til að koma að frekari athugasemdum. Með tölvupósti, dags. 1. apríl 2017, ítrekaði Öryggismiðstöðin fyrri athugasemdir sínar. Var Securitas upplýst um það með tölvupósti dags. 19. apríl 2017.

6.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 22. september 2017 var Öryggismiðstöðin upplýst um það að eftirlitið ynni að því að ljúka málinu og vænti þess að ákvörðun yrði tekin innan skamms. Í því ljósi var Öryggismiðstöðinni sent afrit af sjónarmiðum Securitas vegna skýrslu matsmanna, ásamt lista yfir þau gögn sem þeir notuðu við gerð skýrslunnar um mat á kostnaði Securitas. Í sama bréfi var athygli Öryggismiðstöðvarinnar vakin á því að gögnin á umræddum lista væru öll háð trúnaði enda um ýmis töluleg gögn og skjöl að ræða sem sótt voru beint úr bókhaldi Securitas. Frestur til að skila inn athugasemdum var upphaflega veittur til 3. október 2017 en síðar framlengdur til 13. október s.á.

Athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar bárust með bréfi þann 12. október 2017. Þar ítrekaði Öryggismiðstöðin fyrri athugasemdir sínar auk þess sem fyrirtækið taldi rétt að vekja athygli á því að samkvæmt niðurstöðu skýrslu matsmanna tæki það 24-30 mánuði að greiða upp stofnkostnað að meðtöldum óbeinum rekstrarkostnaði. Ef eingöngu væri horft til stofnkostnaðar tæki það 17-19 mánuði. Securitas vildi því álykta að skýrsla matsmanna staðfesti að binditími umþrættra samninga Securitas hefði ekki haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnisréttar. Þessu sé Öryggismiðstöðin ósammála að öllu leyti og mótmælir því að við mat á binditíma sé tekið tillit til rekstrarkostnaðar stjórnstöðvar, útkallsbíla o.þ.h.

Þá taldi Öryggismiðstöðin rétt að vekja athygli á því að samkvæmt ársreikningum Securitas fyrir árin 2015 og 2016 hefði félagið lengt afskriftartíma á búnaði vegna Heimavarnar og Firmavarnar og væri búnaðurinn nú afskrifaður á 3-12 árum en hefði áður verið afskrifaður á 3-10 árum. Það að Securitas hefði lengt afskriftartímann í 12 ár ætti að leiða til þess að binditími ætti að stytta og verða skemmri en 12 mánuðir sökum þess að líftími búnaðarinn væri lengri en upphaflega hafi verið áætlað.

7.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi með Securitas, Öryggismiðstöðinni og óháðum matsmönnum.



II. NIÐURSTÖÐUR

Í eftirfarandi undirkjöflum verður greint frá niðurstöðum Samkeppniseftirlitsins í því máli sem hér er til umfjöllunar. Í 1. kafla verður fjallað sérstaklega um og tekin afstaða til sjónarmiða sem Öryggismiðstöðin, sem var kvartandi í eldra máli, hefur sett fram um málsmeðferð í þessu síðara máli og þá sérstaklega um vinnslu skýrslu matsmanna. Í 2. kafla verður markaðurinn skilgreindur og staða Securitas á honum metin. Í 3. kafla er fjallað um misnotkun Securitas á markaðsráðandi stöðu sinni. Í þeim kafla er í upphafi greint frá niðurstöðu í ákvörðun nr. 40/2014 um brot Securitas og forsendum niðurstöðunnar. Þá verður greint frá meðferð málsins fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og tildrögum þess að Securitas óskaði eftir því að ákvörðunin yrði endurupptekin. Einnig er greint frá niðurstöðu skýrslu matsmanna um kostnað vegna öryggiskerfa Securitas og sjónarmiðum þeirra. Enn fremur verða reifuð efnisleg sjónarmið bæði Securitas og Öryggismiðstöðvarinnar um niðurstöður í skýrslu matsmanna. Í síðasta hluta í 3. kafla er greint frá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um brot Securitas og mat á þeim kostnaði sem talinn er réttlæta bindingu í samningum vegna öryggisþjónustu. Í 4. kafla er svo umfjöllun um brot Securitas á 19. gr. samkeppnislaga vegna upplýsinga sem fyrirtækið lagði fram við meðferð eldra máls. Í 5. kafla er svo fjallað um sátt Securitas við Samkeppniseftirlitið um lok málsins og breytingu og viðurlög.

1. Um endurupptökuna, málsmeðferð og athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar

Líkt og rakið er hér að framan komu fram nýjar upplýsingar um kostnað við öryggiskerfi fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála, þegar ákvörðun nr. 40/2014 var kærð til nefndarinnar. Höfðu upplýsingarnar verið unnar af endurskoðunarfyrirtækinu PWC og voru verulega frábrugðnar þeim upplýsingum sem Securitas hafði veitt Samkeppniseftirlitinu við rannsókn þá sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014.

Vegna þessa taldi Samkeppniseftirlitið rétt að verða við framkominni ósk Securitas um endurupptöku á ákvörðuninni, en ósk fyrirtækisins var reist á 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Við ákvörðun um að verða við ósk fyrirtækisins horfði Samkeppniseftirlitið m.a. til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2014, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, sem þá var nýfældur.²

Til grundvallar ákvörðun um endurupptöku lá að Securitas hafði afturkallað kæru sína til áfrýjunarnefndar. Jafnframt var fyrirtækið nú reiðubúið að fallast á að það hefði verið markaðsráðandi á rannsóknartímabilinu og misnotað þá markaðsráðandi stöðu, en við rannsókn málsins og í kæru til áfrýjunarnefndar hafði þessu verið mótmælt. Þá lá fyrir að við hina nýju rannsókn myndi Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort 19. gr. samkeppnislaga hefði verið brotin með upplýsingagjöf Securitas í upphaflegu rannsókninni.

² Með þeim úrskurði var umþrætt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins felld úr gildi og lagt fyrir það að rannsaka málið að nýju, vegna upplýsinga sem fyrst höfðu verið lagðar fram í nefndinni, en ekki við undanfarandi rannsókn eftirlitsins.



Samkvæmt framangreindu er í máli þessu lagt mat á hver kostnaður Securitas var vegna Heimavarnar og Firmavarnar sem talinn er geta réttlætt bindingu í samningum félagsins. Mat á þessu hefur áhrif á niðurstöðu um alvarleika brots og þar með m.a. fjárhæð mögulegra stjórnvaldssekta.

Ákveðið var að aðili sem væri óháður Securitas myndi rannsaka umræddan kostnað Securitas. Tilnefndi Samkeppniseftirlitið endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton til verksins. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins var meginhlutverk hins óháða aðila að sannreyna tölur og upplýsingar um umræddan kostnað og tryggja að réttur grundvöllur væri lagður að mati á eðlilegum binditíma samninga. Til þess þurfti Grant Thornton að eiga í samskiptum og kalla eftir upplýsingum frá Securitas og e.a. leita til annarra þeirra sem komið höfðu að greiningu á þessu á fyrri stigum, þ.e. einkum PWC.

Rétt er að taka hér skýrt fram að í tilnefningu umrædds matsaðila fólst að engu leyti framsal á stjórnsluheimildum Samkeppniseftirlitsins, enda standa engar lagaheimildir til þess. Af þessum sökum er skýrt tekið fram í forsendum tilnefningarinnar að niðurstaða matsaðila verði höfð til hliðsjónar við mat Samkeppniseftirlitsins á því hvort nýjar upplýsingar breyttu fyrri afstöðu þess varðandi umræddan kostnað og hvað gæti talist eðlilegur binditími samninga Securitas.

Þannig var hlutverk matsaðila einvörðungu að meta hvaða upplýsingar þyrftu að liggja fyrir, draga þær saman og sannreyna að þær væru réttar. Matsaðilum var einnig frjálst að hafa skoðun á gögnunum og hvað mætti lesa út úr þeim, s.s. um lengd binditíma. Vinna þeirra var hins vegar að engu leyti bindandi fyrir Samkeppniseftirlitið, sem eftir sem áður ber ábyrgð á því að leggja mat á upplýsingarnar og áhrif þeirra.

Í samræmi við framangreint var það í verkahring Samkeppniseftirlitsins að tryggja að rannsókn málsins færi að kröfum stjórnsluréttarins. Þannig leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða bæði Securitas og Öryggismiðstöðvarinnar vegna niðurstaðna matsaðilans, tók afstöðu til þess hvaða upplýsingar lytu trúnaði og gætu því ekki komið fyrir augu keppinauta, o.s.frv.

Um athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar

Í upphaflegu máli sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014, kvartaði Öryggismiðstöðin yfir háttsemi Securitas og hafði stöðu aðila máls við rannsóknina. Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur Öryggismiðstöðin gert athugasemdir við endurupptöku málsins og verklag við athugun matsmanna. Einnig telur Öryggismiðstöðin að fyrirtækinu hafi ekki verið veittur aðgangur að nauðsynlegum upplýsingum til þess að gera því kleift að nýta andmælarétt sinn og réttur að öðru leyti brotinn á fyrirtækinu við meðferð málsins. Þessi sjónarmið Öryggismiðstöðvarinnar koma aðallega fram í bréfi fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins frá 14. mars 2017.

Öryggismiðstöðin gerir athugasemdir við að skýrsla matsmanna sé eingöngu unnin eftir gögnum sem send hafi verið frá Securitas ásamt því að matsmenn hafi haldið fund með því fyrirtæki og hlustað á sjónarmið þess. Matsmenn hafi hins vegar aldrei haft samband við Öryggismiðstöðina og heyrt sjónarmið þess fyrirtækis og því sé skýrslan verulega gölluð að þessu leyti. Þá hafi Öryggismiðstöðin ekki fengið aðgang að minnisblaði sem vísað sé til í skýrslunni.



Hér að framan er rakið að í tilnefningu á matsaðila hafi ekki falist framsal á stjórnsluheimildum og að hlutverk aðila hafi verið afmarkað við greiningu á mati á gögnum sem stafa frá Securitas. Rannsókn málsins hafi eftir sem áður verið í höndum Samkeppniseftirlitsins. Í þessu felst að matsaðila var hvorki rétt né skylt að leita sjónarmiða Öryggismiðstöðvarinnar við vinnu sína, líkt og Öryggismiðstöðin heldur fram. Á hinn bóginn hefur Samkeppniseftirlitið tryggt eðlilega stjórnslumeðferð með því að gefa Securitas og Öryggismiðstöðinni tækifæri til þess að tjá sig um þau gögn sem byggt er á við rannsóknina, þ. á m. matsskýrsluna. Ekki er því hægt að fallast á framangreindar athugasemdir.

Einnig vísar Öryggismiðstöðin til þess að í eintaki skýrslunnar sem fyrirtækið fékk að tjá sig um hafi mikið af upplýsingum verið felldar á brott og því hafi fyrirtækinu verið ómögulegt að átta sig á forsendum og niðurstöðum skýrslunnar. Telur Öryggismiðstöðin að Securitas hafi fengið að „ritskoða“ skýrsluna og fengið að fella brott úr henni allar tölulegar upplýsingar áður en hún hafi verið send Öryggismiðstöðinni. Þannig hafi andmælaréttur verið brotinn.

Samkeppniseftirlitið vísar til þess að skýrsla með niðurstöðu matsmanna lá fyrir í maí 2016. Í framhaldi af því fengu bæði Securitas og Öryggismiðstöðin tækifæri til að tjá sig um efni skýrslunnar. Skýrslan snýst um mat á kostnaði Securitas og eðli máls samkvæmt felur hún í sér greiningu á viðkvæmum tölulegum upplýsingum úr bókhaldi þess fyrirtækis. Í samræmi við 17. gr. stjórnslulaga var Öryggismiðstöðinni ekki veittur aðgangur að slíkum upplýsingum en ákvæðið veitir stjórnvöldum heimild, þegar sérstaklega stendur á, til að takmarka aðgang aðila að gögnum máls ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, sbr. einnig 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Samkeppniseftirlitið telur að þær upplýsingar sem Öryggismiðstöðin fékk ekki aðgang að séu viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og þar með undanþegnar upplýsingarétti fyrirtækisins. Í þessu sambandi má vísa til nýlegs úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2017, *Forlagið ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Þar kemur skýrt fram að sundurliðun á tekju- og rekstrartölum séu viðskiptaleyndarmál þeirra sem afhenda slíkar upplýsingar. Einnig kom fram í úrskurðinum að ekki yrði séð að vörnum eða röksemdum áfrýjanda í málinu, *Forlagsins ehf.*, gæti á nokkurn hátt orðið áfátt þótt fyrirtækið fengi ekki þessar upplýsingar í hendur. Svipuð sjónarmið voru sett fram í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 12/2010 *Vífilfell hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að takmörkun á upplýsingarétti Öryggismiðstöðvarinnar hafi verið óhjákvæmileg og að hún hafi ekki komið í veg fyrir að fyrirtækið nyti andmælaréttar. Þrátt fyrir að upplýsingar um sundurliðun á kostnaði Securitas hafi verið felldar á brott úr skýrslu matsmanna voru Öryggismiðstöðinni veittar upplýsingar um mat þeirra á endurgreiðslutíma og hvaða kostnaðarliðum þeir teldu rétt að taka tillit til við mat á binditíma. Um þessi atriði, sem er kjarninn í niðurstöðu matsmanna, hefur Öryggismiðstöðin jafnframt sett fram efnisleg sjónarmið sem nánar verður fjallað um síðar í þessari ákvörðun. Samkeppniseftirlitið telur því að Öryggismiðstöðin hafi, þrátt fyrir takmörkun á aðgengi að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum, með auðveldum hætti getað nýtt sér andmælarétt sinn í samræmi við 13. og 15. gr. stjórnslulaga. Í þessu sambandi



er mikilvægt að árétta að skýrsla matsmanna felur ekki í sér stjórnvaldsákvörðun og var á engan hátt bindandi fyrir Samkeppniseftirlitið, auk þess sem meginregla stjórnisýsluréttar er sú að aðilar eiga ekki sjálfstæðan rétt til þess að fá að tjá sig um efni máls hjá álitsgjafa, í þessu tilviki matsmanna, áður en álit er veitt.³

Í athugasemdum sínum vísar Öryggismiðstöðin einnig til kærumeðferðar ákvörðunar nr. 40/2014 fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og að Securitas hafi ekki treyst sér til að halda málinu áfram og afturkallað kærana. Ef málið hefði haldið áfram þar og fengið hefðbundna meðferð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og málsmeðferðarreglum Samkeppniseftirlitsins hefðu allir fengið að koma að sínum sjónarmiðum.

Ekki er unnt að fallast á að möguleikar fyrirtækisins til andmæla eða til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hefðu verið aðrir og meiri ef meðferð málsins hefði haldið áfram hjá áfrýjunarnefnd. Í málinu fyrir áfrýjunarnefnd var það Securitas sem kærði ákvörðun nr. 40/2014 og var það réttur Securitas sem málsaðila að afturkalla kæru sína. Samkeppniseftirlitið setti fram sjónarmið í málinu í greinargerð ásamt viðbótarsvörum. Kvartendur í samkeppnismálum sem koma til kasta áfrýjunarnefndar hafa hins vegar ekki stöðu aðila að málum fyrir nefndinni. Þeim hefur hins vegar boðist að koma að sjónarmiðum við munnlegan málflutning fyrir nefndinni ef til hans hefur komið í samræmi við 2. mgr. 30. gr. stjórnisýslulaga. Við meðferð þessa máls hefur Öryggismiðstöðin hins vegar fengið að tjá sig skriflega um skýrslu matsmanna og öll önnur gögn sem liggja til grundvallar þessari ákvörðun.

2. Markaðurinn og staðan á honum

Samkvæmt 5. tl., 1. mgr., 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Í ljósi hagfræðilegra raka ber að greina viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum; annars vegar þarf að bera kennsl á vörumarkaðinn og hins vegar afmarka landfræðilega markaðinn.

Með vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Landfræðilegi markaðurinn er það landssvæði þar sem samkeppnisskilyrði fyrir tiltekna vöru eða þjónustu eru sambærileg. Fræðilega séð getur landfræðilegur markaður ýmist verið staðbundinn eða svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður. Veltur stærð landfræðilegs markaðar m.a. á því að hvaða marki þörf er talin á að kaupandinn (neytandinn) sé í nálægð við seljandann. Þetta mat ræðst venjulega af því hvað einkennir þjónustuna og viðskiptavinina, eftir hvaða leiðum þjónustan er veitt, svo og af eðli viðskiptanna. Sérstaklega skiptir máli hversu mikil þörf er á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda þjónustunnar og hver yrði tíma- og ferðakostnaður við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Markaðir hafa þannig tilhneigingu til að vera staðbundnir þegar mikil þörf

³ Páll Hreinsson, *Stjórnisýsluréttur - málsmeðferð*, bls. 556.



er á beinum samskiptum viðskiptavina og seljanda vörunnar. Má segja að smásöllumarkaðir teljist yfirleitt vera staðbundnir.⁴

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 var það niðurstaða eftirlitsins að vöru- og þjónustumarkaður þess máls væri heildarþjónusta á sviði öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki. Til þessa markaðar taldist útvegur og leiga á öryggiskerfum auk þjónustu og viðhalds. Til markaðarins taldist einnig fjargæsla sem væri vöktun á boðum úr öryggiskerfum. Var umræddur markaður nefndur öryggisþjónusta fyrir heimili og fyrirtæki. Þá var landfræðilegi markaðurinn í málinu talinn vera Ísland.

Samkvæmt ákvæði 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga telst fyrirtæki vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Eins og rakið er hér að framan hefur Securitas lýst því yfir að fyrirtækið fallist á að hafa verið markaðsráðandi á rannsóknartímabilinu, í samræmi við ákvörðun nr. 40/2014. Í ákvörðuninni var það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðshlutdeild Securitas á árunum 2006-2011 hefði verið [65-70] %. Þegar upplýsingar um markaðshlutdeild voru virtar með öðrum atriðum eins og fjárhagslegum styrkleika, aðgangshindrunum og miklu vöruúrvali var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Securitas hefði verið í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki a.m.k. á umræddu tímabili frá 2006 til 2011.

3. Misnotkun Securitas á markaðsráðandi stöðu sinni

Samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Misnotkunin getur m.a. falist í að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir, settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns, viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt, eða að sett sé það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu getur þannig falist í hvers konar aðgerðum sem miða að því að styrkja eða verja hina ráðandi stöðu.⁵ Misnotkunin getur einnig verið fólgin í því að vinna gegn markmiðum samkeppnislaga ef slíkar aðgerðir byggja ekki á eðlilegum

⁴ Sjá t.d. Mario Monti, Market Definition as a Cornerstone of EU Competition Policy, Workshop on Market Definition, Helsinki 2002, bls. 24. Má hér einnig nefna sem dæmi að í ákvörðunum er varða matvörumarkaðinn hafa samkeppnisyrirvöld t.a.m. talið nálægð kaupenda við matvöruverðslanir að öllu jöfnu æskilega ef ekki nauðsynlega, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 2/2009 *Hagar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/2002 *Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf.*

⁵ Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-128/98 *Aéroports de Paris v Commission* [2000] ECR II-3929. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 15. júní 2005 í máli nr. COMP/A.37.507 *AstraZeneca: ... „the Court of Justice has held that the strengthening of the position of an undertaking may be an abuse and prohibited under Article 82 of the Treaty, regardless of the means and procedure by which it is achieved, and even irrespective of any fault.“* Ákvörðunin var staðfest með dómi dómstóls ESB frá 10. júlí 2014.



samkeppnislegum forsendum. Misnotkun þarf því ekki að felast í því að hinni markaðsráðandi stöðu sé beitt eða að misnotkunin byggji á hinum efnahagslega styrkleika sem felst í markaðsráðandi stöðu.⁶ Kjarni þeirrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sem raskar samkeppni er að hegðun markaðsráðandi fyrirtækis sé til þess fallin að hamla þeirri takmörkuðu samkeppni sem er á markaðnum eða hindra vöxt hennar.⁷ Markaðsráðandi fyrirtæki mega þannig ekki grípa til óeðlilegra aðgerða sem miða að því að styrkja stöðu sína á markaðnum, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar í málum nr. 17-18/2003 og nr. 3/2008.

3.1 Niðurstaða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 um brot Securitas

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 var það niðurstaðan að samningar Securitas um Heimavörn og Firmavörn til 36 mánaða hefðu verið ólögmætir einkakaupasamningar sem hefðu falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga og að Securitas hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með gerð þeirra og skuldbindingu viðskiptavina til viðskipta í þrjú ár. Samningarnir voru taldir hafa verið til þess fallnir að raska samkeppni með alvarlegum hætti og kaupaukar sem veittir voru við upphaf samningstíma juku tryggðaráhrif samninganna þannig að skaðleg áhrif þeirra voru meiri en ella. Í ákvörðuninni var þó talið að tiltekinn kostnaður sem ekki væri afturkræfur ef búnaður yrði settur upp gæti réttlætt tiltekinn binditíma. Var þessum kostnaði svo deilt með meðaltali mánaðartekna af hverjum samningi og fundinn sá mánaðafjöldi sem talinn var réttlæta bindingu. Það skal tekið fram að upplýsingar um kostnað og sundurliðun á honum sem og um tekjur voru lagðar fram af Securitas í framhaldi af fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga.

Sá kostnaður Securitas vegna Heimavarnar og Firmavarnar sem talinn var réttlæta bindingu í samningum félagsins var eftirfarandi að mati Samkeppniseftirlitsins:

Kostnaðarverð á nýjum búnaði	[...] kr.
- frádráttur vegna þess að búnaður er í 67% tilvikum endurnýttur	-[...] kr.
Kostnaður vegna vinnu við uppsetningu	[...] kr.
Kostnaður vegna vinnu við skráningu	[...] kr.
Kostnaður við niðurtekningu	[...] kr.
Samtals kostnaður sem réttlætir bindingu samninga	[...] kr.

Þegar tekið hafði verið tillit til þessa taldi Samkeppniseftirlitið að skýringar Securitas gæfu ekki ástæðu til að ætla að meðalkostnaður við að setja upp öryggiskerfi og að taka það niður væri hærra en [...] kr. Ef þessum kostnaði væri deilt með meðaltekjum á mánuði af hverjum samningi sem voru [...] kr. var talið ljóst að sá tími sem það tæki Securitas að fá kostnaðinn endurgreiddan væri um 12 mánuðir. Samningar Securitas eru þó eins og fyrr segir til 36 mánaða eða þriggja ára.

Securitas byggði á því í málinu að deila ætti í stofnkostnað með því sem fyrirtækið kallaði „framlegð án búnaðarpáttar“. Voru það [...] kr. að mati Securitas og var þá búið að draga

⁶ Sjá hér dóm dómstóls EB í máli nr. 6/72 *Europemballage and Continental Can v Commission* [1973] ECR 215: Í málinu benti dómstóllinn á þetta: „Such being the meaning and the scope of article 86 of the EEC treaty, the question of the link of causality ... between the dominant position and its abuse, is of no consequence, for the strengthening of the position of an undertaking may be an abuse and prohibited under article 86 of the treaty, regardless of the means and procedure by which it is achieved, ...”

⁷ Sjá hér dóm dómstóls EB í máli nr. 85/76 *Hoffman-La Roche v Commission* [1979] ECR 461.



frá umræddum meðaltekjum kostnað við rekstur kerfisins. Ef miðað var við þessar forsendur væri réttlætunlegur binditími 17-18 mánuðir. Í ákvörðuninni þótti ljóst að jafnvel þó fallist yrði á þessa forsendu Securitas væri þetta mun skemmri binditími en miðað hafði verið við í samningunum.

Securitas féllst ekki á framangreindar forsendur Samkeppniseftirlitsins um útreikning á stofnkostnaði. Taldi fyrirtækið kostnaðinn vera [...] kr. og að það tæki 26 mánuði að greiða fjárfestinguna til baka án vaxta, þ.e. ([...]/[...]).

Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í málinu að með binditíma á viðskiptasamningum til þriggja ára hefði Securitas tryggt eða stuðlað að því að viðskiptavinir félagsins væru skuldbundnir til þess að eiga einungis í viðskiptum við það um þessa tilteknu þjónustu á gildistíma samninganna. Hinir ólögsmætu samningar voru að mati Samkeppniseftirlitsins til þess fallnir að hamla því að aðilar sem fyrir voru á markaðnum næðu að stækka auk þess, og ekki síður, sem þeir hindruðu það að nýir aðilar kæmu inn á markaðinn.

Þá féllst Samkeppniseftirlitið ekki á þau rök sem Securitas setti fram í málinu að binditími samninganna væri í raun ígildi greiðsludreifingar til að tryggja að Securitas fengi greiddan tilbaka stofnkostnaðinn vegna þjónustunnar enda væri kostnaðurinn í raun einungis mánaðarlegt gjald margfaldað með 36. Eftir skoðun á þeim kostnaði sem lá að baki viðskiptasamningunum, þ.e. kostnaði við búnaðinn, uppsetningu og kostnað við að veita þjónustuna var það mat Samkeppniseftirlitsins að heildargreiðsla vegna bindingar í 36 mánuði væri mun hærri upphæð en sem hefði numið töpuðum tekjum Securitas ef viðskiptavinur hefði sagt upp samningi um Heimavörn eða Firmavörn á samningstímanum. Kostnaðurinn réttlætti því ekki umræddan binditíma upp á 36 mánuði sem væri í viðskiptasamningum Securitas.

Það var því niðurstaða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 að Securitas hefði með umræddum einkakaupasamningum við viðskiptavini sína um Heimavörn og Firmavörn misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið 11. gr. samkeppnislaga.

3.2 Málið fyrir áfrýjunarnefnd og ósk Securitas um endurupptöku málsins

Nýir útreikningar með kæru til áfrýjunarnefndar

Eins og áður hefur komið fram kærði Securitas ákvörðun nr. 40/2014 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og krafðist ógildingar á ákvörðuninni. Með kæru Securitas fylgdu nýir útreikningar um þann kostnað sem lægi að baki því að setja upp og þjónusta kerfi fyrir Heimavörn og Firmavörn fyrirtækisins. Voru nýir útreikningar og mat unnið af endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers (PwC). Í forsendum matsins segir að ákveðið hafi verið að reikna út stofnkostnað (kostnað við búnað og uppsetningu hans) fyrir einn mánuð, janúar 2010. Greining PwC sem fylgdi kæru til áfrýjunarnefndar er eftirfarandi:

Kostnaðarverð á nýjum búnaði	[...] kr.
- frádráttur vegna þess að búnaður er í 37% tilvikum endurnýttur	-[...] kr.
Kostnaður vegna vinnu við uppsetningu	[...] kr.
Kostnaður v. heims. og hönnunar Heima- og Firmavarnar	[...] kr.
Kostnaður við niðurtekningu	[...] kr.
Samtals kostnaður sem réttlætir bindingu samninga	[...] kr.



Ekki þarf að fjölyrða um að mat PwC á kostnaði Securitas er mjög frábrugðið því sem félagið lagði fyrir Samkeppniseftirlitið við meðferð málsins þar. Á það við um nánast alla kostnaðarliði. Ljóst er að kostnaðarverð búnaðar hækkaði úr [...] kr. í [...] kr. sem er rúmlega tvöföldun. Hlutfall endurnýtanlegs búnaðar er líka mjög frábrugðið, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. Í heild má segja að þeir kostnaðarliðir sem mynduðu samtölu þess kostnaðar sem talinn var réttlæta bindingu samninga samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefðu hækkað úr [...] kr. í [...] kr.

Samkvæmt greiningu PwC var einnig byggt á því að reikna ætti framlegð (afgangsstærð) með sem hluta af stofnkostnaði Securitas en það hafði ekki verið gert áður. Var þessi framlegð [...] kr. og þegar henni hafði verið bætt við samtölu annarra framangreindra kostnaðarliða var stofnkostnaður samtals talinn vera [...] kr. skv. mati PwC.

Mánaðargreiðsla viðskiptavina nam að meðaltali [...] kr. umræddan mánuð í janúar 2010 sem skiptist þannig samkvæmt mati PwC að [...] kr. var afborgun stofnkostnaðar og [...] kr. breytilegur kostnaður. Í málinu fyrir áfrýjunarnefnd taldi Samkeppniseftirlitið að ekki yrði annað séð af kostnaðarmati PwC en að ákveðið hefði verið fyrirfram að miða það við 36 mánaða bindingu. Var það talið augljóst þar sem fundin var framlegð sem Securitas taldi ásættanlega, þ.e. [...] kr. sem mismunatala ($[...] * 36 = [...] - [...]$). Voru þessi misvísandi kostnaðarmöt Securitas og síðustu útreikningar sem í lokin leiddu fram framlegðina talin benda til þess að mati Samkeppniseftirlitsins að um eftirá skýringu væri að ræða. Ekki var leitt fram að 36 mánuðir væri eðlilegur binditími heldur í raun gefinn binditími og reynt að réttlæta hann með því að reikna framlegðina. Var það mat Samkeppniseftirlitsins fyrir áfrýjunarnefnd að þessi háttsemi Securitas væri villandi, alvarleg og ámælisverð.

Það kostnaðarmat sem Securitas lagði fram fyrir áfrýjunarnefnd var þriðja mat fyrirtækisins á kostnaði vegna Heimavarnar og Firmavarnar en í upphafi málsins hafði fyrirtækið lagt fram greiningu sem það síðar leiðrétti eftir að Samkeppniseftirlitið hafði birt frummat sitt í málinu í andmælaskjali. Samkvæmt því mati (fyrsta matinu) var stofnkostnaðurinn [...] kr. og miðað við að það tæki 22,5 mánuði að greiða fjárfestinguna til baka, þ.e. ($[...]/[...]$).

Ósk Securitas um endurupptöku málsins og afturköllun á kæru til áfrýjunarnefndar

Með bréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. mars 2015, óskaði Securitas á grundvelli ákvæða 1. og 2. töluliðar 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, eftir því að Samkeppniseftirlitið myndi taka upp að nýju ákvörðun eftirlitsins nr. 40/2014. Var það mat fyrirtækisins að ný gögn, álit óháðs aðila á kostnaði félagsins vegna Heimavarnar og Firmavarnar og fleiri gögn sem lögð hefðu verið fram fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála gætu varpað nýju ljósi á málsatvik og forsendur að baki ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Vísaði Securitas einnig til mats á hlutlægum réttlættingarástæðum fyrir binditíma samninga og þar með tilvist og alvarleika þeirra samkeppnisbrota sem Samkeppniseftirlitið taldi að Securitas hefði gerst sekt um á brotatímabili málsins. Var því óskað eftir að Samkeppniseftirlitið tæki málið til meðferðar að nýju. Samhliða beiðni til Samkeppniseftirlitsins um endurupptöku málsins var kæra á ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála afturkölluð. Það kom því ekki til þess að áfrýjunarnefnd úrskurðaði í málinu.



Þann 17. mars 2015 ritaði Samkeppniseftirlitið bréf til Securitas þar sem vísað var til beiðni félagsins um endurupptöku og viðræðna þess við eftirlitið um beiðnina. Með vísan til viðræðnanna lýsti Samkeppniseftirlitið því yfir í bréfinu að það væri reiðubúið að endurupptaka mál það sem leiddi til ákvörðunar eftirlitsins nr. 40/2014 á grundvelli þeirra forsendna sem nánar voru raktar í upphafi þessa niðurstöðukafla. Tilnefndi Samkeppniseftirlitið aðila óháðan Securitas til þess að rannsaka kostnað Securitas. Er hér á eftir höfð hliðsjón af niðurstöðu hans við mat á því hvort nýjar upplýsingar breyttu fyrra mati á eðlilegum binditíma samninga fyrirtækisins.

3.3 Rannsókn óháðra matsmanna á kostnaði Securitas vegna öryggisþjónustu

Rannsókn matsmannanna fólst í könnun á kostnaði Securitas vegna Heimavarnar og Firmavarnar. Matsmenn fengu afhent öll gögn málsins frá Samkeppniseftirlitinu auk viðbótargagna frá Securitas og PwC. Þá áttu matsmenn fundi með Samkeppniseftirlitinu, forsvarsmönnum Securitas og PwC.

Frumdrög að skýrslu matsmanna lágu fyrir í október 2015. Samkeppniseftirlitið taldi hins vegar eftir að hafa farið yfir drögin að nauðsynlegt væri að rannsókn matsmanna spannaði lengra tímabil en þeir höfðu lagt til grundvallar. Fóru matsmenn því í frekari öflun gagna sem spönnuðu allt brotatímabilið frá 2006 til 2011. Þau gögn lágu fyrir í febrúar 2016. Var um að ræða greiningu á kostnaði fyrir tveggja mánaða tímabil á hverju umræddu ári. Nánar tiltekið var um að ræða nóvember/desember 2006, maí/júní 2007, mars/apríl 2008, september/október 2009, janúar/febrúar 2010 og júlí/ágúst 2011.

Þann 12. maí 2016 skiluðu matsmenn endanlegri skýrslu um rannsókn á kostnaði vegna Heimavarnar Securitas. Í samandregnum niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að það sé ljóst að þjónustu Securitas við að veita Heimavörn fylgi nokkur stofnkostnaður. Fullbúið öryggiskerfi væri sett upp og tengt stjórnstöð Securitas. Það væru m.a. þær ástæður sem lagðar væru til grundvallar við gerð þjónustusamninga með 36 mánaða binditíma. Viðskiptavinir greiddu fast mánaðargjald í 36 mánuði en innifalið í því væri vöktun og greiðsla fyrir búnaðinn. Securitas hefði boðið þessa þjónustu í um 20 ár og á því tímabili notast við fjórar kynslóðir af búnaði.

Þjónustugjaldinu væri ætlað að mæta stofnkostnaði vegna þjónustunnar, kostnaði við að veita þjónustuna, almennum rekstrarkostnaði auk fjármagnskostnaðar og arðsemiskröfu. Markmið rannsóknarinnar hefði verið að leiða í ljós hversu langan tíma það tæki að endurgreiða stofnkostnað annars vegar og síðan stofnkostnað að teknu tilliti til óbeins rekstrarkostnaðar við að veita þjónustuna hins vegar.

Í skýrslunni kemur fram að ein af lykilforsendum rannsóknarinnar hafi snúið að forsendum um lækkun á kostnaði vegna endurnýtingar á búnaði. Þegar settur væri upp búnaður hjá nýjum viðskiptavinum væri í mörgum tilfellum hægt að endurnýta búnað sem nýttur hefði verið af öðrum viðskiptavinum. Í svörum Securitas til Samkeppniseftirlitsins hefði komið fram að í [...]% tilfella væri að hluta til stuðst við endurnýttan búnað. Af þessum sökum hefði Samkeppniseftirlitið lækkað fjárhæð stofnkostnaðar um sömu prósentutölu í mati sínu á stofnkostnaði búnaðar. Úttekt PwC hefði hins vegar leitt í ljós að kostnaðarverð endurnýttts búnaðar í janúar 2010 hefði numið [...]% af kostnaðarverði nýs búnaðar. Frekari gögn sem afhent hefðu verið matsmönnum síðar bentu til þess að þetta hlutfall væri jafnvel enn lægra fyrir þau tímabil sem tekin væru til skoðunar í rannsókn matsmanna. Í skýringum Securitas



hefði komið fram að hér hefði verið um mistúlkun af hálfu Samkeppniseftirlitsins að ræða. Þrátt fyrir að í [...]% tilvika mætti notast við endurnýttan búnað að einhverju leyti endurspeglaði það engan vegin hlutfallslega lækkun á kostnaðarverði við uppsetningu. Fram kom að matsmenn hefðu lagt sjálfstætt mat á endurnýtingarhlutfallið og væri það frá [...]-% á rannsóknartímabilinu.

Í niðurstöðunni kemur einnig fram að matsmenn telji eðlilegt að tekið væri tillit til óbeins rekstrarkostnaðar þegar lagt væri mat á binditíma vegna þjónustunnar. Með óbeinum rekstrarkostnaði væri átt við rekstur stjórnstöðvar og rekstur útkallsþjónustu. Heimavörn væri seld með þessum þjónustubáttum og erfitt að sjá fyrir sér að búnaður væri seldur án þjónustunnar eða að þjónustan hefði verið boðin án búnaðar. Tekið væri tillit til þessara kostnaðarliða í greinargerð PwC en ekki í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Matsmenn teldu ennfremur að við mat á óbeinum rekstrarkostnaði þyrfti að horfa til stofnkostnaðar, s.s. skrifstofukostnaðar og kostnaðar vegna yfirstjórnar. Velta Heimavarnar sem hluta af heildartekjum Securitas væri um [fimmtungur] á rannsóknartímabilinu og því eðlilegt að þjónustan bæri hluta stofnkostnaðar í sömu hlutföllum.

Rannsókn matsmanna á kostnaði vegna Heimavarnar hefði leitt í ljóst að óbeinn kostnaður hefði numið um [...]% af tekjum þjónustunnar að meðaltali á rannsóknartímabilinu og gæti því skipt sköpum hvort tekið væri tillit til þess kostnaðarliðar við mat á því hvað teldist eðlilegur binditími þjónustunnar.

Niðurstöður matsmanna eru settar fram fyrir hvert nefndra tveggja mánaða tímabila umrædd ár 2006 til 2011 í töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður matsmanna um stofnkostnað Securitas

	Nóv./des 2006	Mai/júní 2007	Mars/apríl 2008	Sept./okt. 2009	Jan./feb. 2010	Júlí/ágú. 2011
Kostn.v.nýs bún.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Endurnýtt. bún.	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]
Uppsetning	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Heimsókn/hönnun	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Niðurtekning	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Samt. stofnkostn.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Endurgreiðslutími í mánuðum miðað við meðaltekjur uppsettra kerfa með og án óbeins kostnaðar kemur fram í töflu 2.



Tafla 2. Niðurstöður matsmanna um endurgreiðslutíma í mánuðum

Samt. stofnkostn.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Meðaltekjur á mán.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Endurgr. tími í mán.	[17-19] ⁸	[17-19]	[17-19]	[17-19]	[17-19]	[17-19]
Meðaltekjur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Óbeinn kostnaður	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]	-[...]
Meðaltekjur – ób.k.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Endurgr.tími í mán.	[24-30] ⁹	[24-30]	[24-30]	[24-30]	[24-30]	[24-30]

Niðurstaða matsmanna samkvæmt upplýsingum í töflunum var að það tæki 24-30 mánuði að greiða upp stofnkostnað þjónustunnar að teknu tilliti til óbeins rekstarkostnaðar vegna hennar. Endurgreiðslutíminn væri stystur á tímabilinu [...] en lengstur á tímabilinu [...]. Ef horft væri til stofnkostnaðar eingöngu tæki það hins vegar 17-19 mánuði að greiða hann upp.

Matsmenn taka það fram í matsgerð að mat á kostnaði hafi verið unnið út frá bókhaldi félagsins en ekki út frá mati forsvarsmanna og/eða markmiðum þeirra við markaðssetningu vörunnar. Segir að gagnrýna megi Securitas fyrir fyrri svör til Samkeppniseftirlitsins þar sem betur hefði farið á því að nota bókhaldsupplýsingar í ríkara mæli til að styðja við svör fyrirtækisins á fyrri stigum rannsóknarinnar.

Þá er áréttað að í matinu sé stuðst við raunkostnað við útreikning á eðlilegum binditíma þjónustusamninga. Við hönnun vörunnar og markaðssetningu sé forsvarmönnum augljóslega ekki ljóst hver þróun vörunnar verði og byggji því forsendur um binditíma á áætluðum kostnaði. Þannig mætti líta á niðurstöðu matsmanna sem vísbendingu um hver eðlilegur binditími ætti að vera.

3.4 Sjónarmið Securitas og Öryggismiðstöðvarinnar um niðurstöðu matsmanna

Bæði Securitas og Öryggismiðstöðinni var send skýrsla matsmanna og settu fyrirtækin fram efnisleg sjónarmið um niðurstöðu skýrslunnar.

Securitas

Sjónarmið Securitas um skýrslu matsmanna bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 10. október 2016. Segir þar að af hálfu Securitas sé litið svo á að í skýrslunni sé staðfest og rökstutt með viðeigandi hætti að binditími umþrættra samninga Securitas hafi ekki verið með þeim hætti að hann hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnisréttar. Vísað er til þess að í skýrslunni sé rakið að óhjákvæmilegt sé, við mat á kostnaði við að veita umrædda þjónustu, að taka hvort tveggja tillit til stofnkostnaðar búnaðarins og jafnframt kostnaðar sem sé nátengdur veitingu þjónustunnar.

Securitas hafni því að við mat á hlutlægum réttlætningarástæðum sé aðeins litið til beins kostnaðar við búnað við öryggiskerfi og kostnað við uppsetningu/niðurtöku hans, heldur

⁸ Fundið þannig: [...]/[...]=[17-19].

⁹ Fundið þannig: [...]/[...]=[24-30].



beri einnig að líta til annars kostnaðar, beins og óbeins, sem órjúfanlega sé tengur þessum liðum.

Í athugasemdum Securitas er að öllu öðru leyti tekið undir niðurstöðu skýrslu matsmanna og byggt á því að Samkeppniseftirlitinu beri að taka mið að niðurstöðunni hvað varði kostnað og binditíma samninga Securitas í nýrri ákvörðun í málinu. Securitas líti svo á að niðurstaða matsmanna feli í sér að ekki séu lengur forsendur til að líta svo á að binditími samninganna hafi falið í sér samkeppnisbrot. Jafnframt taldi Securitas að ekki væri tilefni til að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið vegna binditíma samninganna eins og gert hafi verið í ákvörðun nr. 40/2014.

Öryggismiðstöðin

Sjónarmið Öryggismiðstöðvarinnar um skýrslu matsmanna bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 14. mars 2017. Hér að framan hefur verið fjallað um athugasemdir Öryggismiðstöðvarinnar er snúa að formhlið málsins. Vísast til þeirrar umfjöllunar. Hvað efnishlið málsins varðar telur Öryggismiðstöðin að niðurstöður í skýrslu matsmanna geti ekki leitt til þess að ákvörðun nr. 40/2014 verði breytt. Þá fáist ekki staðist að óbeinn kostnaður og kostnaður vegna stoðþjónustu geti haft áhrif á binditíma samninga Securitas. Þetta sé langsótt og röng niðurstaða sem ekki sé í samræmi við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 40/2014.

3.5 Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um brot Securitas

Í samkeppnisrétti getur brot falist í því að markaðsráðandi fyrirtæki gerir einkakaupsamning og getur ekki sýnt fram á að hlutlægar réttlætningarástæður fyrir honum. Í þessu felst að undir vissum kringumstæðum geta markaðsráðandi fyrirtæki réttlætt aðgerðir sem ella myndu fara gegn 11. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskiptafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sönnunarbyrði um slíkar hlutlægar réttlætningarástæður hvílir á viðkomandi fyrirtæki.¹⁰

Líkt og rakið hefur verið hér að framan féllst Securitas á það við endurupptöku málsins að fyrirtækið hefði verið markaðsráðandi á rannsóknartímabilinu og brotið 11. gr. samkeppnislaga með gerð einkakaupasamninga. Að framkominni skýrslu matsmanna dró Securitas þó í efa að um brot gæti verið að ræða, m.v. niðurstöður skýrslunnar. Vikið er að þessum sjónarmiðum Securitas fyrr í þessum kafla.

Í undirköflum hér að framan hefur verið fjallað um útreikninga og mismunandi sjónarmið um stofnkostnað við öryggiskerfi Securitas og það hversu hátt hlutfall stofnkostnaðar réttlæti bindingu viðskiptavina í viðskiptum. Hefur verið greint frá niðurstöðu að þessu leyti í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 sem byggði á upplýsingum sem Securitas lagði fram við meðferð málsins hjá eftirlitinu, útreikningum PwC sem Securitas lagði fram við meðferð málsins fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og svo niðurstöðu matsmanna í

¹⁰ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB í máli nr. 201/04 Microsoft v Commission [2007] ECR-3601: „The Court notes, as a preliminary point, that although the burden of proof of the existence of the circumstances that constitute an infringement of Article 82 EC is borne by the Commission, it is for the dominant undertaking concerned, and not for the Commission, before the end of the administrative procedure, to raise any plea of objective justification and to support it with arguments and evidence. It then falls to the Commission, where it proposes to make a finding of an abuse of a dominant position, to show that the arguments and evidence relied on by the undertaking cannot prevail and, accordingly, that the justification put forward cannot be accepted.”



Þessu endurupptökumáli. Einnig hefur verið greint frá sjónarmiðum Securitas og Öryggismiðstöðvarinnar.

Samanburður á framangreindum niðurstöðum um stofnkostnað kemur fram í töflu 3.

Tafla 3. Samanburður á niðurstöðum um mat á stofnkostnaði

	Ákvörðun SE nr. 40/2014 (Securitas fyrir SE)	PwC (Securitas fyrir áfr.nefnd.)	Matsmenn¹¹
Kostn.v. nýs bún.	[...]	[...]	[...]
Endurnýtt. búnaður	-[...]	-[...]	-[...]
Uppsetning	[...]	[...]	[...]
Heimsókn/hönnun	[...]	[...]	[...]
Niðurtekning	[...]	[...]	[...]
Samtals stofnkostn.	[...]	[...]	[...]

Samanburður á niðurstöðum um endurgreiðslutíma í mánuðum miðað við meðaltekjur uppsettra kerfa með og án óbeins kostnaðar kemur fram í töflu 4.

Tafla 4. Samanburður á niðurstöðum um endurgreiðslutíma

Samtals stofnkostn.	[...]	[...]	[...]
Meðaltekjur	[...]	[...]	[...]
Endurgr.tími í mán.	[12]	[17-19]	[17-19]
Meðaltekjur	[...]	[...]	[...]
Óbeinn kostnaður	-[...]	-[...]	-[...]
Meðaltekjur – ób.k.	[...]	[...]	[...]
Endurgr.tími í mán.	[17-18]	[24-30]	[24-30]

Eins og framangreindar töflur leiða í ljós er talsverður munur á niðurstöðu á útreikningi á stofnkostnaði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sem byggði á upplýsingum Securitas annars vegar og svo útreikningum PwC og matsmanna, út frá bókhaldsgögnum Securitas hins vegar. Á þetta við um flesta liði í töflunum. Eins og áður hefur verið getið kom fram í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Securitas frá mars 2015 að eftirlitið myndi hafa hliðsjón af niðurstöðu matsmanna við mat á því hvort nýjar upplýsingar breyttu fyrri afstöðu þess varðandi kostnaðinn og hvað gæti talist eðlilegur binditími samninga Securitas. Þá myndi Samkeppniseftirlitið jafnframt meta hvort nýjar upplýsingar um kostnað gætu haft áhrif á alvarleika brots þannig að þær leiddu til lækkunar sekta. Hér á eftir verður tekin afstaða til framangreindra kostnaðarliða sem mynda stofnkostnað samkvæmt niðurstöðu matsmanna. Einnig verður fjallað um mat þeirra á hæfilegum endurgreiðslutíma.

¹¹ Hér er miðað við tímabilið janúar/febrúar 2010. Tölurnar eru þá sem næst samanburðarhæfar við niðurstöður PwC sem miða við janúar 2010.



Kostnaður vegna nýs búnaðar

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 var á því byggt samkvæmt upplýsingum frá Securitas að kostnaður vegna nýs búnaðar væri [...] kr. Niðurstaða matsmanna var hins vegar að þessi kostnaðarliður væri [...] kr. sem er sambærilegt við niðurstöðu PwC. Ljóst er því að munur á þessum lið samkvæmt upplýsingagjöf Securitas til Samkeppniseftirlitsins annars vegar og niðurstöðu matsmanna og áður PwC hins vegar er mikill eða rúmlega tvöfaldur. Um fyrri upplýsingagjöf Securitas segir í niðurstöðu matsmanna að svo virðist að stofnkostnaður búnaðar hafi verið áætlaður út frá „markmiðum um kostnað sem sett voru við útfærslu vörunnar“. Vinnuliðurinn hafi verið unninn út frá verkþókhaldi félagsins en stofnkostnaður áætlaður sem afgangsstærð miðað við markmið félagsins um hámarks-kostnað. Segir einnig að með greiningu PwC hafi verið leitast við að finna raunverulegan stofnkostnað út frá bókhaldi félagsins, þ.e. hvaða búnaður hefði verið settur upp í janúar 2010 og hvað hann hefði kostað. Matsmenn telja að sú nálgun sé réttari til að meta stofnkostnað við Heimavörn Securitas og er því byggt á henni í niðurstöðunni.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til annars en að fallast á niðurstöðu matsmanna um stofnkostnað vegna nýs búnaðar. Er um raunkostnað að ræða að þeirra mati en í fyrra mati Securitas virðist hafa verið byggt á einhvers konar „markmiðum um kostnað“ eins og það er orðað í greinargerð matsmanna en ekki raunkostnaði. Hefur því verið um ranga og misvísandi upplýsingagjöf að ræða af hálfu Securitas en nánar verður fjallað um hana í næsta kafla.

Endurnýtanlegur búnaður

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 var miðað við að hlutfall endurnýtanlegs búnaðar væri [...]%. Var sú niðurstaða byggð á upplýsingum sem Securitas veitti þann 5. maí 2014. Securitas byggði á því í málinu fyrir áfrýjunarnefnd að í fyrirspurn sem Samkeppniseftirlitið hafi sent fyrirtækinu þann 2. apríl 2014 hafi verið óskað eftir upplýsingum um hlutfall endurnýtanlegs búnaðar. Segir að af fyrirspurninni hafi ekki verið ráðið við hvaða tímamark óskað hafi verið eftir upplýsingunum og í svari Securitas hafi verið litið svo á að fyrirspurnin tæki til þáverandi stöðu eða janúar til apríl 2014. Hlutfall endurnýtanlegs búnaðar sem á þessum tíma hafi verið [...]% hafi reynst óvenju hátt vegna mikilli uppsagna öryggissamninga. Hlutfall endurnýtanlegs búnaðar væri samkvæmt útreikningum PwC [...]%. Securitas hélt því fram að þetta byggði á misskilningi Samkeppniseftirlitsins á veittum upplýsingum en þó var tekið fram að eftir því sem þennan misskilning mætti rekja til misvísandi upplýsingagjafar Securitas væri það harmað.

Vegna þessa vill Samkeppniseftirlitið taka fram að í upphaflegum athugasemdum Securitas í fyrra máli, sbr. t.d. bréf fyrirtækisins frá 10. mars 2009, var því haldið fram að öryggisbúnaður sem einu sinni hefði verið settur upp gæti ekki verið endurnýttur. Segir um þetta í bréfinu:

„Öryggiskerfi eru dýr. Hafi þau verið sett upp verða þau ekki tekin niður og seld öðrum aðila.“

Með öðrum orðum að hlutfall þess búnaðar sem unnt sé að endurnýta væri 0%. Ljóst var hins vegar að þegar síðari athugasemdir Securitas bárust var gert ráð fyrir að a.m.k. einhver hluti búnaðarins væri endurnýtanlegur þar sem sérstaklega var búið að bæta við



lið í kostnaðarmat sem var frádráttur á endurnýtanlegum búnaði að upphæð [...] kr. Til að taka af öll tvímæli um þetta atriði var sérstaklega ákveðið að óska eftir upplýsingum frá Securitas m.a. um endurnýtanleika öryggisbúnaðar fyrir Heimavörn og Firmavörn sem og afskriftartíma. Var fyrirtækinu því send fyrirspurn þann 2. apríl 2014 þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram:

„Í tengslum við athugun Samkeppniseftirlitsins á samningum Securitas um Heimavörn og Firmavörn óskar eftirlitið eftir upplýsingum og skýringum sem koma fram í tl. 1-6. hér að neðan. Það sem átt er við með öryggisbúnaði í tölulíðunum er eingöngu búnaður sem notaður er og boðið er upp á fyrir Heimavörn og Firmavörn, þ. á m. hreyfiskynjarar, reykskynjarar, vatnsskynjarar, hurðanemar, stjórnborð, sírena og stjórnstöð, sbr. nánar á heimasíðu Securitas.

...

3. *Á hve löngum tíma eru öryggiskerfi Securitas afskrifuð?*
4. *Hvert er hlutfall öryggiskerfa sem eru sett upp og hafa verið notuð áður?"*

Eins og fyrirspurnin ber með sér átti Securitas að svara því nákvæmlega hvert væri hlutfall öryggiskerfa eða öryggisbúnaðar fyrir Heimavörn og Firmavörn sem væri endurnýttur, þ.e. settur upp en verið notaður annars staðar áður. Á þetta m.a. við um hreyfiskynjara, reykskynjara, vatnsskynjara, hurðanema, stjórnborð, sírenur og stjórnstöð eða annan búnað sem tengist þessum kerfum. Securitas var ljóst að það tímabil sem væri til skoðunar væri rannsóknartímabilið 2006-2011. Engin önnur rannsókn gagnvart Securitas var til staðar og fyrirtækið naut þar að auki aðstoðar sérfræðinga í málsmeðferðinni.

Einnig mátti Securitas vera þetta ljóst af andmælaskjali sem fyrirtækinu hafði verið sent í málinu og það gert athugasemdir við auk fyrri samskipta. Í andmælaskjalinu var umrætt rannsóknartímabil afmarkað. Þá má einnig vísa til bréfs eftirlitsins frá 7. ágúst 2012 þar sem rannsókn Samkeppniseftirlitsins var afmörkuð við möguleg brot Securitas vegna Heimavarnar- og Firmavarnarsamninga. Með öðrum orðum var engum vafa undirorpið hvaða tímabil var til skoðunar og áttu svör Securitas að taka mið af því.

Svar Securitas barst þann 5. maí 2014. Í svarinu skv. tl. 4-a kemur fram að fyrirtækið setji „upp notaðan búnað í u.þ.b. [...] % tilvika við uppsetningu nýrra Heimavarna.“ Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki unnt að draga aðra ályktun af þessu svari en að [...] % af þeim öryggiskerfum (Heimavörn og Firmavörn) sem Securitas hefur sett eru upp hafi verið nýttur áður. Samkeppniseftirlitið treysti á að Securitas væri að veita réttar upplýsingar í samræmi við tilvitnaða fyrirspurn og skyldur fyrirtækisins skv. 19. gr. samkeppnislaga. Þá er óútskýrt af hálfu Securitas hvers vegna fyrirtækið tók ekki fram að þetta hlutfall ætti við um janúar til apríl 2014 en ekki rannsóknartímabilið úr því að fyrirtækið hélt því fram síðar að hlutfallið hefði í raun verið annað á rannsóknartímabilinu eða [...] %. Hvað sem þessu líður veitti Securitas með skýrum hætti þær upplýsingar að umrætt hlutfall væri [...] % og var eðli máls samkvæmt byggt á því í ákvörðun nr. 40/2014. Áttu þau gögn sem Securitas veitti að vera í samræmi við upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

Í niðurstöðu matsmanna um endurnýtingarhlutfallið er vísað til þess að í úttekt PwC hefði kostnaðarverð endurnýttts búnaðar í janúar 2010 numið [...] % af kostnaðarverði nýs búnaðar. Matsmenn hefðu aflað frekari gagna sem bentu til þess að þeirra mati að þetta hlutfall væri jafnvel lægra fyrir þau tímabil sem tekin væru til skoðunar í úttekt þeirra.



Niðurstaða matsmanna var, eftir að hafa lagt sjálfstætt mat á endurnýtingarhlutfallið, að það væri frá [...]-% á rannsóknartímabilinu. Stýðjast matsmenn við hlutfallið [...]-% sem átti við síðustu þrjú tímabilin sem tekin voru til skoðunar, þ.e. sept./okt. 2009, jan./feb. 2010 og júlí/ágúst 2011 auk þess sem tekið er fram að þetta hlutfall hafi efnislega verið rökstutt af hálfu PwC.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til annars en að fallast á niðurstöðu matsmanna um hlutfall endurnýtanlegs búnaðar. Þau gögn sem Securitas lagði fram við meðferð málsins áttu sem fyrr segir við um annað tímabil en rannsóknartímabil málsins sem fyrirtækinu átti að vera kunnugt um eins og áður hefur verið rakið. Auk þess hafði Securitas byggt á því á fyrri stigum málsins að hlutfallið væri [...]-% sem greinilega var ekki rétt. Hefur því verið um misvísandi upplýsingagjöf að ræða af hálfu Securitas að þessu leyti en nánar verður fjallað um hana í næsta kafla.

Kostnaður vegna uppsetningar

Samkvæmt upplýsingum frá Securitas var miðað við það í ákvörðun nr. 40/2014 að kostnaður vegna uppsetningar væri [...] kr. Niðurstaða matsmanna var hins vegar að þessi kostnaðarliður væri [...] kr. sem er litlu hærra en niðurstaða PwC. Samkeppniseftirlitið telur rétt að fallast á niðurstöðu matsmanna um kostnað vegna uppsetningar enda hefur Securitas ekki gert athugasemdir við niðurstöðuna.

Kostnaður vegna heimsóknar/hönnunar

Samkvæmt upplýsingum frá Securitas var miðað við það í ákvörðun nr. 40/2014 að kostnaður vegna heimsóknar/hönnunar væri [...] kr. Niðurstaða matsmanna var hins vegar að þessi kostnaðarliður væri [...] kr. og PwC að hann væri [...] kr. Samkeppniseftirlitið telur rétt að fallast á niðurstöðu matsmanna um kostnað vegna uppsetningar enda hefur Securitas ekki gert athugasemdir við niðurstöðuna.

Kostnaður vegna niðurtekningar á búnaði

Samkvæmt upplýsingum frá Securitas var miðað við það í ákvörðun nr. 40/2014 að kostnaður vegna heimsóknar/hönnunar væri [...] kr. sem er sama niðurstaða og matsmanna og svipuð niðurstöðu PwC.

Samtals stofnkostnaður

Niðurstaða matsmanna var að samtals væri stofnkostnaður [...] kr. en í ákvörðun nr. 40/2014 var miðað við að kostnaðurinn væri [...] kr. Eins og hér hefur verið fjallað um skýrist munurinn aðallega á miklum mun á kostnaði vegna nýs búnaðar þó nokkur munur sé einnig á fleiri liðum. Samkeppniseftirlitið telur rétt að miða við niðurstöðu matsmanna um samtals stofnkostnað eins og leiða má af umfjöllun hér að framan varðandi hvern og einn kostnaðarlið.

Meðaltekjur vegna þjónustunnar

Í ákvörðun nr. 40/2014 var miðað við mánaðargjald sem var [...] kr. sem byggði á upplýsingum frá Securitas. Í umfjöllun í greinargerð matsmanna segir um umrætt mánaðargjald að um grunngjald sé að ræða og ráðist endanlegt verð af þeim búnaði sem viðkomandi viðskiptavinur óski eftir og því sé þörf á nákvæmara mati á tekjum af þjónustunni. Segir ennfremur að aflað hafi verið upplýsinga um mánaðargjald þeirra kerfa sem uppsett hafi verið á hverju tímabili. Tekjur fyrir tímabilið janúar/febrúar 2010 hafi



verið [...] kr. og er við það miðað í niðurstöðu matsins. Samkeppniseftirlitið telur rétt að fallast á niðurstöðu matsmanna um meðaltekjur vegna þjónustunnar enda hefur Securitas ekki gert athugasemdir við niðurstöðuna.

Meðhöndlun óbeins kostnaðar

Í skýrslu matsmanna er sett fram sú skoðun þeirra að eðlilegt sé að taka tillit til óbeins rekstrarkostnaðar, s.s. vegna rekstrar stjórnstöðvar og rekstrar útkallsþjónustu, þegar mat sé lagt á binditíma vegna þjónustunnar. Rök matsmanna fyrir því að taka tillit til óbeins kostnaðar við mat á binditíma eru að Heimavörn sé seld með þessum þjónustupáttum og erfitt sé að sjá fyrir sér að búnaður sé seldur án þjónustunnar eða að þjónustan sé boðin án búnaðarins. Þá telja matsmenn að við mat á óbeinum rekstrarkostnaði þurfi einnig að horfa til stofnkostnaðar, s.s. skrifstofukostnaðar og kostnaðar vegna yfirstjórnar. Sem fyrr segir var það niðurstaða matsmanna að það tæki 24-30 mánuði að greiða upp stofnkostnað vegna þjónustunnar að teknu tilliti til óbeins kostnaðar vegna hennar. Ef á hinn bóginn væri eingöngu horft til stofnkostnaðar tæki það 17-19 mánuði að greiða kostnaðinn upp. Niðurstaðan er mismunandi eftir tímabilum eins og nánar hefur verið útskýrt í töflu 2 í kafla 3.3 hér að framan.

Securitas hefur tekið undir þetta álit matsmanna og talið að ekki megi einvörðungu taka tillit til beins kostnaðar við búnað við öryggiskerfi og uppsetningu/niðurtöku hans, heldur beri einnig að líta til annars kostnaðar, beins og óbeins, sem órjúfanlega sé tengdur þessum liðum.

Securitas hefur ekki stutt þessa afstöðu viðeigandi fordæmum eða túlkunum í samkeppnisrétti. Slík rök er heldur ekki að finna í skýrslu matsmanna.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er markaðsráðandi fyrirtæki almennt óheimilt að gera einkakaupasamning nema að til grundvallar slíkum samningi liggja hlutlægar réttlætningarástæður. Sönnunarbyrði um slíkar hlutlægar réttlætningarástæður hvílir á viðkomandi fyrirtæki.

Í ákvörðun nr. 40/2014 féllst Samkeppniseftirlitið á að réttlæta mætti binditíma vegna stofnkostnaðar sem sannanlega væri óafturkræfur ef viðskiptavinur hætti snemma í viðskiptum. Var þetta gert vegna þess að þessi kostnaður var mjög hátt hlutfall af heildarkostnaði. Í málinu var talið, miðað við upplýsingar um stofnkostnað og tekjur (mánaðargjald) sem Securitas lagði fram, að réttlætanlegur binditími væri um 12 mánuðir. Með þessari niðurstöðu féllst Samkeppniseftirlitið á að hlutlægar réttlætningarástæður væru fyrir binditímanum að þessu leyti.

Ekki er með sama hætti hægt að fallast á að óbeinn rekstrarkostnaður geti talist breytilegur kostnaður vegna Heimavarnar og Firmavarnar sem réttlæti bindingu um einkakaup á þessari þjónustu til lengri tíma. Þannig liggur fyrir að óbeinn kostnaður er ekki tengdur tilteknum samningum við viðskiptavinini með sama órjúfanlega hætti og beinn kostnaður sem hlýst af því að setja kerfi upp eða taka það niður. Þannig ónýtist fjárfesting í t.d. rekstri stjórnstöðvar útkallsþjónustu eða sölu- eða markaðskostnaði ekki á sama hátt og stofnkostnaður við uppsetningu kerfa hjá viðskiptavinini sem ákveður skömmu síðar að flytja viðskipti sín annað.



Í máli þessu horfir Samkeppniseftirlitið m.a. til þess að bundin markaðshlutdeild (e. *tied marketshare*) Securitas á rannsóknartímabilinu var há á rannsóknartímabilinu, en fjallað var um þetta í ákvörðun nr. 40/2014.¹² Vísað var til leiðbeininga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á skaðlegum áhrifum lóðréttra samninga þar sem fram kemur að það geti haft mjög skaðleg áhrif á samkeppni, jafnvel þótt bundin markaðshlutdeild markaðsráðandi fyrirtækis sé tiltölulega lág.¹³ Þá var vísað til þess að dómstóll ESB hefði talið einkakaupasamninga í *Hoffmann La-Roche* málinu ólögmæta þrátt fyrir að bundin hlutdeild markaðsráðandi fyrirtækis, Hoffman La-Roche, væri aðeins um 2%.¹⁴ Eins og nánar er fjallað um í ákvörðun nr. 40/2014 fjölgaði viðskiptavinum Securitas nokkuð á rannsóknartímabilinu og þótti ljóst að miðað við gildistíma samninganna (36 mánuðir) og háa markaðshlutdeild [65-70]% (árið 2009) væri bundin markaðshlutdeild 30-35%. Umfang bindingarinnar og mögulegrar útilokunar á samkeppni af hennar völdum styður við þrönga túlkun á því hvaða kostnað sé unnt að telja með við mat á binditíma.

Með hliðsjón af öllu framangreindu getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á það með Securitas og höfundum matskýrslunnar að taka eigi tillit til óbeins rekstrarkostnaðar, s.s. vegna rekstrar stjórnstöðvar og rekstrar útkallsþjónustu, þegar mat er lagt á binditíma vegna þjónustunnar.

Samandregin niðurstaða

Sem fyrr segir lýsti Samkeppniseftirlitið því yfir í bréfi til Securitas þann 17. mars 2015 að það myndi meta hvort nýjar upplýsingar um kostnað gætu haft áhrif á alvarleika brots fyrirtækisins þannig að þær gætu leitt til lækkunar á sektum.

Við framangreinda rannsókn hefur ekkert komið fram sem haggar þeirri niðurstöðu sem komist var að í ákvörðun nr. 40/2014, að Securitas hafi farið gegn banni 11. gr. samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, með gerð einkakaupasamninga um Heimavörn og Firmavörn sem giltu til 36 mánaða.

Hins vegar leiðir rannsóknin í ljós að stofnkostnaður Securitas vegna viðskiptasamninga um öryggisþjónustu var allt annar en fyrirtækið veitti upplýsingar um við málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu. Eins og gert er grein fyrir hér að framan telur eftirlitið rétt að leggja niðurstöðu matmanna til grundvallar í máli þessu, hvað stofnkostnaðinn varðar sem og mat þeirra á tekjum. Er þessi stofnkostnaður [...] kr. og tekjur [...] kr. þegar miðað er við tímabilið janúar/febrúar 2010.

Samkeppniseftirlitið getur hins vegar ekki fallist á það sjónarmið matsmanna að taka beri tillit til óbeins kostnaðar við mat á binditíma. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er því sú, með hliðsjón af framangreindu, að útreiknaður endurgreiðslutími óafturkræfs kostnaðar á rannsóknartímabilinu miðað við framangreint mánaðargjald Securitas sé 17-19 mánuðir.

¹² Með bundinni markaðshlutdeild er átt við þann hluta hennar sem er tilkominn vegna sölu fyrirtækis samkvæmt samningum sem fela í sér einkakaup. Mælir því hve stóran hluta af markaðnum er búið að loka fyrir núverandi eða mögulegum keppinautum. Dæmi: Fyrirtæki er með 40% markaðshlutdeild og um 90% af þeim vörum sem fyrirtækið selur til viðskiptavina eru seldar samkvæmt samningum sem fela í sér einkakaup. Bundin markaðshlutdeild fyrirtækisins er því 36%.

¹³ Sjá European Commission, Guidelines on Vertical Restraints (2010/C 130/01), mgr. 140: „For a dominant company, even a modest tied market share may already lead to significant anti-competitive effects.”

¹⁴ Sjá Korah, EEC Competition Law and Practice, 4. útg. 2000 bls. 73.



Er það um 6-8 mánaða lengri endurgreiðslu- og binditími en miðað var við í ákvörðun nr. 40/2014 sem var 12 mánuðir.

Með hliðsjón af þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í ákvörðun nr. 40/2014, telur Samkeppniseftirlitið að horfa beri til framangreindrar breytingar á endurgreiðslutíma stofnkostnaðar, við mat á hlutlægum réttlættingarástæðum fyrir einkakaupasamningum hins markaðsráðandi fyrirtækis. Hefur það áhrif á mat á fjárhæð stjórnvaldssektar vegna brotsins.

Samkeppniseftirlitið gerir hins vegar þann fyrirvara við mat á endurgreiðslutíma stofnkostnaðar, að Securitas er ekki rétt að byggja á hinum tilgreinda mánaðarfjölda sem fastri tölu sem hægt sé að miða við til framtíðar við mat á tímalengd mögulegrar bindingar í samningum. Fyrir því eru a.m.k. eftirfarandi ástæður:

- Fyrir liggur að þróun á búnaði, tækni og uppsetningu öryggiskerfa er líkleg til að breyta, eða hafa þegar breytt, mati á stofnkostnaði vegna samninga við viðskiptavini.
- Markaðsráðandi fyrirtæki í þessari stöðu hefur þann valkost að draga úr áhættu sinni með því að innheimta stofngjald við upphaf viðskipta, sem endurspeglar a.m.k. hluta af stofnkostnaði. Ekki er því sjálfgefið að allur stofnkostnaður sé talinn með við mat á tímalengd bindingar.

Markaðsráðandi fyrirtæki ber á hverjum tíma sönnunarbyrði fyrir því að tímalengd bindingar í samningum af þessu tagi feli í sér hlutlægar réttlættingarástæður. Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að fyrirtækið einblíni því ekki á tiltekinn mánaðarfjölda mögulegrar bindingar heldur meti grundvöll hlutlægra réttlættingarástæðna á hverjum tíma.

Þá vísar Samkeppniseftirlitið til þess að þegar stofnkostnaður er tiltölulega hátt hlutfall af einstökum viðskiptum, eins og á við um þá þjónustu sem hér um ræðir, getur það verið málefnalegt og jafnframt rökrétt að markaðsráðandi fyrirtæki innheimti stofngjald við upphaf viðskipta og síðan reglulegt mánaðargjald. Þá gildir að því hærra sem stofnkostnaðurinn er, sem hlutfall af heildarkostnaði vegna þjónustunnar, sé stofngjaldið þeim mun hærra. Mikilvægt er að ákvörðun markaðsráðandi fyrirtækis um stofngjald og reglulegt mánaðargjald og þannig um mögulegan binditíma sé þannig að það raski ekki samkeppni.

3.6 Brot samkvæmt 54. gr. EES-samningsins

Eins og rakið var í ákvörðun nr. 40/2014 skal Samkeppniseftirlitið beita 53. og 54. gr. EES samningsins, sbr. m.a. 1. mgr. 21. gr. og 26. gr. samkeppnislaga. Í 54. gr. er lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins. Efnisákvæði 54. gr. EES-samningsins eru fyllilega sambærileg við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga enda sækja samkeppnislögin að þessu leyti fyrirmynd sína til EES/ESB-samkeppnisréttar. Líkt og hinu fyrra málið er hér lagt til grundvallar að brot Securitas hafi jafnframt falið í sér brot á 54. gr. EES-samningsins.



4. Ófullnægjandi upplýsingagjöf Securitas við meðferð málsins

Eftirlit samkeppnisyfirvalda með því að fyrirtæki fari að ákvæðum samkeppnislaga er háð því að þau geti aflað upplýsinga um hegðun fyrirtækjanna á markaði.¹⁵ Af þessum sökum er í 19. gr. samkeppnislaga mælt fyrir um heimildir samkeppnisyfirvalda til að afla gagna og upplýsinga. Í 1. mgr. 19. gr. laganna segir að Samkeppniseftirlitið geti krafist fyrirtæki um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Þá er í 2. mgr. 19. gr. kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar.

Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga er fyrirtækjum skylt að veita réttar upplýsingar og óheimilt að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið með staðhæfingum sem eru tvíræðar eða beinlínis rangar, sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 1/2012 og nr. 4/2016.¹⁶ Aftur á móti er fyrirsvarsmönnum fyrirtækja ekki skylt „að tjá sig um spurningar og upplýsingar sem fela í sér huglægt mat um það hvort brotið hafi verið gegn samkeppnislögum“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004.

Við beitingu 19. gr. samkeppnislaga hefur þýðingu hvort fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012 segir:

„Fallist er á með Samkeppniseftirlitinu að það hvíli rík skylda á áfrýjanda sem markaðsráðandi aðila að halda saman fullnægjandi upplýsingum um kostnað sinn þannig að hægt sé að rekja hvort verðákvæðanir séu málefnalegar m.t.t. þeirra reglna sem gilda um aðila í slíkri stöðu.“

Þá ber að horfa til þess að beiðni samkeppnisyfirvalda samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga felur í sér „skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé skýrt tekið fram. Kemur það raunar fram í lagagreininni að umbeðnar upplýsingar skuli gefnar og umbeðin gögn skuli afhent innan hæfilegs frests ...“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004.

Brot á skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn getur varðað viðkomandi fyrirtæki stjórnvaldssektum eða dagsektum, sbr. i. lið 1. mgr. 37. og 38. gr. samkeppnislaga.

Eins og framangreind umfjöllun ber með sér um brot Securitas á 11. gr. samkeppnislaga snýst mat á brotinu og þar með endurupptaka á ákvörðun nr. 40/2014 um mat á þeim kostnaði sem réttlætir binditíma í samningum fyrirtækisins um öryggisþjónustu. Hefur hér að framan verið vísað til þess að Securitas hafi í upphafi málsins lagt fram upplýsingar um kostnað sem fyrirtækið óskaði á síðari stigum (eftir að andmælaskjal hafði verið gefið út) eftir að leiðrétta. Var fallist á þá leiðréttingu í ákvörðun nr. 40/2014. Í kæru til áfrýjunarnefndar lagði Securitas svo fram enn nýjar upplýsingar um kostnað (mat PwC)

¹⁵ Sjá í þessu sambandi úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2011.

¹⁶ Samskonar sjónarmið eru lögð til grundvallar í EES/ESB-samkeppnisrétti. Í mgr. 21 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 25. nóvember 1981 í máli nr. IV/29.895-Telos segir: „Any statement is incorrect which gives a distorted picture of the true facts asked for, and which departs significantly from reality on major points. Where a statement is thus false or so incomplete that the reply taken in its entirety is likely to mislead the Commission about the true facts, it constitutes incorrect information within the meaning of Article 15 (1) (b).“



sem voru mjög frábrugðnar þeim sem byggt hafði verið á í ákvörðun nr. 40/2014. Verður nú lagt mat á það hvort Securitas hafi brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með ófullnægjandi upplýsingagjöf.

Sjónarmið Securitas

Securitas setti fram sjónarmið um upplýsingagjöf sína í bréfi frá 10. október 2016. Vísar fyrirtækið til þess að í ákvörðun nr. 40/2014 hafi Samkeppniseftirlitið vikið að „meintrí“ misvísandi upplýsingagjöf þess. Hafi Securitas verið áfallið fyrir misræmi í upplýsingagjöf en engum viðurlögum beitt. Securitas telji því með vísan til almennra stjórnsýslusjónarmiða að ekki verði lögð sekt á við endurupptöku málsins.

Þá vísar Securitas til þess að Samkeppniseftirlitið hafi skipað óháða aðila til að rannsaka kostnað og hafa niðurstöðu þeirra til hliðsjónar við mat á því hvort nýjar upplýsingar breyttu afstöðu þess. Líta verði svo á að niðurstaða matsmanna hafi verið í samræmi við niðurstöðu PwC. Niðurstaðan teljist því aðallega vera sú að sá kostnaður sem líta beri til hafi að meginstefnu til verið í samræmi við afstöðu Securitas undir rekstri málsins. Verði því ekki séð að forsendur séu nú til þess að leggja sérstaka sekt á Securitas af framangreindum ástæðum.

Mat Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það með Securitas að þar sem niðurstöður matsmanna um kostnað Securitas hafi verið sambærilegar greiningu PwC hafi þær jafnframt verið í samræmi við afstöðu Securitas undir rekstri málsins. Þetta er rangt. Greining PwC á kostnaði var ekki lögð fram fyrir en undir rekstri málsins fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og var allt önnur og ólík þeirri greiningu sem Securitas lagði fram við meðferð málsins hjá Samkeppniseftirlitinu. Vegna sjónarmiða Securitas er rétt að rekja upplýsingagjöf fyrirtækisins í málinu.

Fyrsta mat Securitas á kostnaði:

- Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Securitas frá 11. maí 2010 var með vísan til 19. gr. samkeppnislaga óskað eftir að fyrirtækið veitti upplýsingar um sundurliðun á kostnaði og arðsemisútreikningum.
- Svar Securitas barst 8. júní 2010, en í því var gerð sundurliðuð grein fyrir kostnaði vegna Heimavarnar fyrirtækisins. Einnig fylgdi greining á tekjum og framlegð og var m.a. fjallað um afskriftir og vaxtakostnað. Í greiningunni var jafnframt sett fram mat á því hver væri fjöldi mánaða sem það tæki að greiða fjárfestinguna til baka án vaxta. Securitas mat þann tíma vera 22,5 mánuði.
- Þar sem sundurliðun kostnaðar náði aðeins til Heimavarnar var Securitas send sérstök fyrirspurn 9. júní 2010 þar sem óskað var eftir sambærilegri sundurliðun fyrir Firmavörn.
- Svar barst frá Securitas þann 11. júní 2010 þar sem fram kom að upplýsingar og sjónarmið sem fjallað hefði verið um varðandi Heimavörn ættu einnig við um Firmavörn.
- Af þessu er ljóst að við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá Securitas um raunkostnað fyrirtækisins við umrædd öryggiskerfi og þá sérstaklega kostnað við að koma þeim upp og taka þau niður. Hvíldi lagaskylda á Securitas að veita réttar upplýsingar.



- Samkeppniseftirlitið gaf út andmælaskjal í málinu þann 4. júlí 2013. Var í skjalinu byggt á því að þeir kostnaðarliðir sem stæðu að baki stofnkostnaði væru:

Kostnaðarverð búnaðar	[...] kr.
Kostnaðarverð vinnu við uppsetningu	[...] kr.
Kostnaður við að taka kerfið niður	[...] kr.
Kostnaðarverð vinnu við skráningu	[...] kr.
Samtals kostnaðarverð við Heimavörn	[...] kr.
Meðaltekjur pr. mánuði án virðisaukaskatts	[...] kr.
Breytilegur kostnaður	[...] kr.
Framlegð án búnaðarpáttar	[...] kr.

Fjöldi mánaða til að greiða fjárfestinguna til baka án vaxta samkvæmt fyrsta mati Securitas var því 22,5 mánuðir, þ.e. ([...]/[...]).

Annað mat Securitas á kostnaði:

- Athugasemdir Securitas við andmælaskjalið bárust með bréfi, dags. 10. september 2013. Kom þá í ljós að fyrirtækið vildi gera breytingar á umræddum kostnaðarupplýsingum sem það hafði áður lagt fram. Í athugasemdum Securitas við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins óskaði fyrirtækið eftir því að koma að leiðréttingum við fyrri skýringar á kostnaði við öryggisbúnað. Var þá á því byggt að kostnaður væri ekki [...] kr. heldur ætti að miða við „heildar breytilegan“ kostnað vegna Heimavarnar sem væri [...] kr. sem sundurliðaðist með eftirfarandi hætti:

Kostnaðarverð búnaðar	[...] kr.
Kostnaðarverð við uppsetningu	[...] kr.
Kostnaðarverð við vinnu við skráningu	[...] kr.
Kostnaður vegna sölu og tengdra stighækkandi liða	[...] kr.
Kostnaðarverð vegna niðurtektar á kerfi og tengd vinna	[...] kr.
(Frádráttur) Endurnýtanlegur búnaður eftir 36 mánuði	[...] kr.
Samtals „heildar breytilegur“ kostnaður:	[...] kr.

Samkvæmt þessu síðara mati Securitas taldi fyrirtækið að það tæki 26 mánuði að greiða fjárfestinguna til baka án vaxta, þ.e. ([...]/[...]).

- Í skýringum Securitas kom m.a. fram að kostnaðarliðnum „vegna sölu og tengdra stighækkandi liða“ hefði verið bætt við þar sem það hefði fyrirfarist í upphaflegum útreikningum.
- Miðaði þetta að því að sýna fram á að kostnaðurinn við að setja upp búnað og taka hann niður væri meiri en áður hefði verið greint frá.

Eins og nánar er fjallað um í ákvörðun nr. 40/2014 féllst Samkeppniseftirlitið að hluta til á framangreinda breytingu eða leiðréttingar Securitas á framlögðum kostnaðarupplýsingum. Það blasti þó við að Securitas hefði ekki gefið fyllilega réttar upplýsingar þegar fyrirtækið svaraði beiðnum Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar skv. 19. gr. samkeppnislaga í júní 2010. Það er rétt að Securitas var ekki gert að sæta viðurlögum vegna þessarar röngu upplýsingagjafar enda leit Samkeppniseftirlitið svo á að aðallega væri um ræða leiðréttingar vegna yfirsjóunar sem bárust áður en endanleg ákvörðun í málinu var tekin.



Síðar átti þó eftir að koma í ljós að hvorki upphaflegar upplýsingar né umræddar leiðréttingar áttu við rök að styðjast.

Þriðja mat Securitas á kostnaði:

- Þegar málið fór fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála lagði Securitas fram minnisblað PwC og er þar að finna nýtt mat á kostnaði. Í þetta sinn áttu kostnaðarupplýsingar að sýna að það tæki Securitas 36 mánuði að greiða fjárfestinguna til baka án vaxta. Þetta mat PwC á stofnkostnaði var mjög frábrugðið og á skjön við bæði fyrsta og annað mat Securitas. Benti fyrirtækið reyndar á þetta misræmi sjálf í kæru til áfrýjunarnefndar.
- Var greining PwC eftirfarandi:

Kostnaðarverð búnaðar	[...] kr.
Kostnaðarverð við uppsetningu	[...] kr.
Kostn. v. heims. og hönnunar Heima- og Firmavarnar	[...] kr.
Kostnaðarverð við vinnu við skráningu	[...] kr.
Kostnaður vegna sölu og tengdra stighækkandi liða	[...] kr.
Kostnaðarverð vegna niðurtektar á kerfi og tengd vinna (Frádráttur) Endurnýtanlegur búnaður eftir 36 mánuði	[...] kr.
Samtals	[...] kr.
Framlegð	[...] kr.
Samtals stofnkostnaður:	[...] kr.

Samkvæmt framangreindri greiningu PwC breyttist samtala þess kostnaðar sem Securitas taldi að miða ætti við. Hann var samkvæmt greiningunni [...] kr. eða [...] kr. (þriðja mat) en hafði verið [...] kr. (annað mat) og enn áður [...] kr. (fyrsta mat).

- Mat á uppgreiðslutíma breyttist einnig og varð 36 mánuðir (þriðja mat) en var 26 mánuðir samkvæmt öðru mati og 22,5 samkvæmt fyrsta mati.
- Ljóst er því að algerlega nýjar upplýsingar fólust í greiningu PwC. Er það svo þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi við meðferð málsins sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014:
 - kallað eftir öllum upplýsingum sem tengdust umræddum kostnaði,
 - rökstutt í andmælaskjali frummat sitt á þessum þætti málsins,
 - gefið Securitas færi á tjá sig um frummatið og
 - haft hliðsjón af nýjum gögnum/upplýsingum.

Samkeppniseftirlitið vísar til þess að í máli þessu hafa óháðir matsmenn farið yfir kostnað Securitas vegna öryggisþjónustu og er það mat þeirra að samtals stofnkostnaður sé [...] kr. miðað við tímabilið janúar/febrúar 2010. Er það svipuð niðurstaða og framangreind niðurstaða PwC felur í sér, þ.e. án framlegðar eða [...] kr. (miðað við janúar 2010). Securitas hefur fallist á niðurstöðu matsmanna og byggir á að Samkeppniseftirlitið eigi í þessu máli að taka mið af henni.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan telur Samkeppniseftirlitið að í þessu máli séu ekki forsendur til annars en að fallast á niðurstöðu matsmanna um stofnkostnað sem er því sem næst í samræmi við niðurstöðu PwC (þriðja mat Securitas). Af því leiðir að þær upplýsingar sem Securitas veitti í málsmeðferðinni fyrir Samkeppniseftirlitinu voru ekki



réttar. Á það bæði við um upplýsingar sem veittar voru í upphafi málsmeðferðarinnar sem og síðar þegar tilteknar breytingar eða leiðréttingar voru gerðar í kjölfar útgáfu andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, eins og útskýrt hefur verið hér að framan. Fær þetta einnig stoð í niðurstöðu í skýrslu matsmanna þar sem fram kemur að gagnrýna megi Securitas fyrir fyrri svör fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins þar sem betur hefði hefði farið á því að nota bókhaldsupplýsingar í ríkari mæli til að styðja svör fyrirtækisins.

Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að þar sem upplýsingar PwC hafi verið sambærilegar niðurstöðu matsmanna, hafi ekki verið um ranga upplýsingagjöf af hálfu Securitas að ræða. Það er í meginatriðum upplýsingagjöf (kostnaðarmat) Securitas í málinu sem leiddi til ákvörðunar nr. 40/2014 (fyrsta og annað mat) annars vegar og niðurstaða PwC (þriðja mat) og óháðra matsmanna hins vegar sem eru ólík. Á þetta bæði við um samtölu stofnkostnaðar, sem og kostnaðarliði sem gátu verið mjög breytilegir eins og framangreindur samanburður leiðir í ljós. Þetta misræmi sýnir fram á, með skýrum hætti, að Securitas veitti ekki réttar upplýsingar við meðferð málsins fyrir Samkeppniseftirlitinu eins og fyrirtækinu bar að gera samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið vísar einnig til þess að skilvirk framkvæmd samkeppnislaga byggir á því að fyrirtæki afhendi gögn og veiti fullnægjandi upplýsingar um leið og tilefni er til. Sökum þessa eru eftirlitinu veittar ríkar heimildir í 19. gr. samkeppnislaga til þess að afla gagna og upplýsinga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2011, *Seðlabanki Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Af því leiðir að rík skylda hvílir á fyrirtækjum að fara að þeim fyrirmælum sem beint er til þeirra á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Til viðbótar hinni ótvíræðu lagaskyldu til að veita Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar, er ljóst að upplýsingagjöfin lengdi meðferð málsins. Breytir engu í því sambandi þótt eftir á megi ætla að fyrirtækið hefði sjálf haft hag af því að koma réttum upplýsingum á framfæri.

Þegar framangreint er virt er ljóst að Securitas bar að afhenda réttar upplýsingar strax og fyrsta beiðni um sundurliðun á kostnaði barst frá Samkeppniseftirlitinu. Ljóst er hins vegar að Securitas veitti ekki réttar og fullnægjandi upplýsingar um raunkostnað sinn sem átti þó að vera grundvöllur að verðlagningu fyrirtækisins fyrir öryggisþjónustu. Réttar upplýsingar voru ekki veittar fyrr en málið kom til kasta áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Securitas hafi brotið 19. gr. samkeppnislaga með eftirfarandi hætti við meðferð málsins fyrir eftirlitinu:

- Með því að hafa veitt ófullnægjandi upplýsingar um stofnkostnað vegna öryggisþjónustu, Heimavörn og Firmavörn, sbr. bréf fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins frá 8. júní 2010 og með viðbótarupplýsingum sem bárust þann 11. júní 2010.
- Með því að hafa enn veitt ófullnægjandi upplýsingar um stofnkostnað vegna öryggisþjónustu, Heimavörn og Firmavörn, sbr. bréf fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins frá 10. september 2013 (athugasemdir við andmælaskjal



eftirlitsins), þ.e. upplýsingar sem áttu að vera leiðréttingar við fyrri svör sem bárust í júní 2010.

Sem fyrr segir hefur Securitas byggt á því í þessu máli að þar sem fyrirtækinu hafi ekki verið gert að sæta viðurlögum vegna rangrar upplýsingagjafar í bréfum frá júní 2010 í ákvörðun nr. 40/2014 geti ekki komið til álita að gera það í þessu máli. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að eftirlitið hafi með því fyrst sig rétti til að taka hina fyrri upplýsingagjöf til skoðunar síðar, ef tilefni væri talið til. Eins og áður hefur komið fram var í ákvörðun nr. 40/2014 byggt á upplýsingunum frá september 2013 sem á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin voru taldar réttar upplýsingar í málinu. Samkeppniseftirlitið taldi þannig að ákvörðunin væri byggð á réttum upplýsingum. Svo reyndist ekki vera. Því taldi eftirlitið nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort upplýsingagjöf Securitas, bæði í júní 2010 og í september 2013, hafi falið í sér brot á 19. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið telur að við ákvörðun viðurlaga í málinu beri jafnframt að líta til ófullnægjandi upplýsingagjafar Securitas í málinu. Nánar verður fjallað um breytingar á viðurlögum í næsta kafla þar sem einnig verður greint frá sátt Securitas í málinu við Samkeppniseftirlitið og forsendum hennar.

5. Sátt um lok málsins við Securitas og breytingar á viðurlögum

Sátt við Securitas um skilyrði til að efla samkeppni

Í 17. gr. f samkeppnislaga kemur fram að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna eða ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli þeirra sé heimilt, með samþykki málsaðila, að ljúka málinu með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að eftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Securitas frá 17. mars 2015 kom fram að eftirlitið væri reiðubúið, samkvæmt beiðni fyrirtækisins, að láta á það reyna að ljúka þessu máli með sátt. Ella lyki málinu með ákvörðun þar sem afstaða yrði tekin til brota Securitas og hvort nýjar upplýsingar um mat á kostnaði hefðu áhrif á alvarleika þeirra. Einnig yrði metið hvort upplýsingagjöf Securitas hefði verið í samræmi við 19. gr. samkeppnislaga.

Eftir að skýrsla matsmanna lá fyrir og í kjölfar sjónarmiða málsaðila um niðurstöður hennar, hafa átt sér stað viðræður á milli Securitas og Samkeppniseftirlitsins um lyktir málsins. Hafa þær leitt til þess að Securitas hefur gert sátt við Samkeppniseftirlitið. Samkvæmt henni hefur fyrirtækið skuldbundið sig til að grípa til tiltekinna aðgerða til þess að vinna gegn röskun á samkeppni. Jafnframt hefur Securitas fallist á að hafa farið gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins¹⁷, sem og 19. gr. samkeppnislaga vegna

¹⁷ Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. samkeppnislaga skal Samkeppniseftirlitið beita 53. og 54. gr. EES samningsins eftir því sem kveðið er á um í lögnum. Í 54. gr. sem er fyllilega sambærilegt ákvæði 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til að því leyti sem hún kann



upplýsingagjafar til Samkeppniseftirlitsins á meðan á rannsókn hins fyrra máls stóð. Hefur fyrirtækið fallist á að greiða sekt vegna þessa

Með sáttinni hefur Securitas fallist á að taka til endurskoðunar alla samninga sína um öryggisþjónustu (Heimavörn og Firmavörn og aðra sambærilega þjónustu) sem hafa að geyma ákvæði um binditíma. Skal binditími samninga eftir endurskoðun ekki vera lengri en réttlæt看legt getur talist til að greiða niður stofnkostnað sem tilkominn er vegna viðskiptanna. Við endurskoðun samninganna mun Securitas hafa til hliðsjónar þær forsendur sem raktar hafa verið um endurgreiðslu- og binditíma samninga í ákvörðun þessari. Skal fyrirtækið setja sér verklagsreglur þar sem kveðið er á um eftirfarandi:

- a. Hvaða kostnað heimilt sé að taka tillit til við mat á binditíma samninga.
- b. Við hvaða upplýsingar (úr hvaða kerfum, tímabil o.s.frv.) skuli styðjast við mat á mögulegum binditíma.
- c. Í hvaða tilvikum sé rétt að endurheimta kostnað annars vegar með stofngjaldi og hins vegar með föstu afnotagjaldi og mögulega með tímabindingu samninga.
- d. Aðrar forsendur, sbr. nánari umfjöllun sem birt er í ákvörðun um sátt þessa.
- e. Reglubundið endurmat á forsendum, m.a. vegna þróunar á búnaði, tækni og uppsetningu.

Í framangreindri skuldbindingu um gerð verklagsreglna felst ekki fyrirfram viðurkenning á því af hálfu Samkeppniseftirlitsins að binditími sé ávallt réttlæt看legur í viðskiptum sem þessum. Þvert á móti er verklagsreglunum og vinnu samkvæmt þeim ætlað að draga fram í dagsljósið hvort svo sé.

Nær þetta skilyrði einnig til allra nýrra samninga um öryggisþjónustu sem Securitas mun gera frá dagsetningu þessarar ákvörðunar. Vinnu við endurnýjun á núgildandi samningum skal vera lokið fyrir 1. mars 2018.

Í sáttinni felst einnig að Securitas skuldbindur sig til að innleiða og viðhalda samkeppnisréttaráætlun á vettvangi fyrirtækisins. Í henni felst aðallega að tryggt sé með virkum aðgerðum og fræðslu að starfsmenn og stjórnarmenn Securitas fylgi þessari sátt og öðrum skyldum sem leiða af samkeppnislögum. Þá skal fyrirtækið kynna fyrirmæli í skilyrðum ákvörðunar þessarar fyrir starfsmönnum og stjórnarmönnum með skýrum og tryggilegum hætti. Slík kynning skal fara fram reglulega svo tryggt sé að starfsmönnum og stjórnarmönnum á hverjum tíma sé kunnugt um fyrirmælin.

Um breytingar á viðurlögum

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið sektir á fyrirtæki sem brjóta gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. laganna er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Í sátt skv. samkeppnislögum getur fallist að fyrirtæki fallist á að greiða stjórnvaldssekt. Það að fyrirtæki geri sátt við Samkeppniseftirlitið og fallist á að gera

að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins. Í ákvörðun nr. 40/2014 var talið að aðgerðir Securitas væru til þess fallnar að hafa áhrif á viðskipti milli EES ríkja í skilningi 54. gr. EES-samningsins. Var ákvæðinu því beitt í ákvörðuninni og leiðir af því að því er einnig beitt í þessu máli.



tilteknar breytingar í starfsemi sinni sem eru til þess fallnar að efla samkeppni geta falið í sér rök fyrir lægri sektum en í ósættu máli.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014 var lögð 80 milljóna kr. sekt á Securitas vegna brota á 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins. Taldi Samkeppniseftirlitið að Securitas hefði á þessu tímabili gert a.m.k. rúmlega [7-8] þúsund einkakaupasamninga við viðskiptavini sína um öryggisþjónustu (Heimavörn og Firmavörn) með binditíma sem nam 36 mánuðum á tímabilinu frá ársbyrjun 2006 til ársloka 2011. Taldi eftirlitið að samningarnir hindruðu möguleika núverandi keppnauta til að stækka og nýrra aðila til að koma inn á markaðinn. Samningarnir væru því til þess fallnir að raska samkeppni auk þess sem kaupaukar með viðskiptum sköpuðu tryggðaráhrif. Talið var að brot Securitas hefðu varað í langan tíma og að fyrirtækinu hefði ekki átt að geta dulist að þau væru til þess fallin að raska samkeppni með alvarlegum hætti.

Að mati Samkeppniseftirlitsins þykir nægilega í ljós leitt, sbr. umfjöllun hér að framan, að réttlætanlegur binditími miðað við stofnkostnað sé nokkru hærri en byggt var á í fyrra máli. Með hliðsjón af þessu, 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, sem og því að máli þessu er lokið með sátt við Securitas, sem fallist hefur á að gera tilteknar breytingar í starfsemi sinni, telur Samkeppniseftirlitið forsendur til að ákvarða sektir vegna brota fyrirtækisins gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins, sem eru verulega lægri en í ákvörðun nr. 40/2014. Á hinn bóginn telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að fyrirtækið sæti stjórnvaldssektum vegna brota á 19. gr. samkeppnislaga, eins og áður greinir. Þykir stjórnvaldssekt vegna framangreindra brota hæfilega ákvörðuð 40.000.000. kr.

Sátt Samkeppniseftirlitsins og Securitas er birt í eftirfarandi ákvörðunarorði.



III. ÁKVÖRÐUNARORÐ:

„Securitas hf. og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt, dags. 11. desember 2017, skv. 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Hefur Securitas hf. samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirritun sinni og er hún því bindandi fyrir fyrirtækið. Er efni sáttarinnar birt hér í ákvörðunarorði:

1. gr.

Með sáttinni við Securitas hf. gengst fyrirtækið við því að hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 54. gr. EES-samningsins með gerð einkakaupasamninga við viðskiptavini sína um Heimavörn og Firmavörn. Jafnframt fellst fyrirtækið á að hafa veitt Samkeppniseftirlitinu ófullnægjandi upplýsingar um stofnkostnað vegna uppsetningar á öryggiskerfum (Heimavörn og Firmavörn), sbr. 19. gr. samkeppnislaga, við meðferð máls sem leiddi til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2014. Fellst Securitas hf. á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 40.000.000 (fjörutíu milljónir) króna vegna þessara brota.

2. gr.

Securitas hf. skal fyrir 1. mars 2018 taka alla samninga sína um öryggisþjónustu (Heimavörn og Firmavörn og aðra sambærilega þjónustu) sem hafa að geyma ákvæði um binditíma, til endurskoðunar. Skal binditími samninga eftir endurskoðun ekki vera lengri en réttlæt看legt getur talist til að greiða niður stofnkostnað sem tilkominn er vegna viðskiptanna, sbr. nánari umfjöllun í ákvörðun um sátt þessa. Hið sama á við um viðskiptasamninga sem gerðir eru eftir dagsetningu þessarar sáttar.

Securitas hf. skal setja sér verklagsreglur um ákvörðun á binditíma samninga, sé hans þörf, vegna Heimavarnar og Firmavarnar eða annarrar sambærilegrar þjónustu. Skulu þær liggja til grundvallar ákvörðunum skv. 1. mgr. Í verklagsreglunum skal m.a. kveðið á um eftirfarandi:

- a. Hvaða kostnað heimilt sé að taka tillit til við mat á binditíma samninga.
- b. Við hvaða upplýsingar (úr hvaða kerfum, tímabil o.s.frv.) skuli styðjast við mat á mögulegum binditíma.
- c. Í hvaða tilvikum sé rétt að endurheimta kostnað annars vegar með stofngjaldi og hins vegar með föstu afnotagjaldi og mögulega með tímabindingu samninga.
- d. Aðrar forsendur, sbr. nánari umfjöllun sem birt er í ákvörðun um sátt þessa.
- e. Reglubundið endurmat á forsendum, m.a. vegna þróunar á búnaði, tækni og uppsetningu.

3. gr.

Securitas hf. skal tryggja að allir stjórnarmenn, stjórnendur og aðrir starfsmenn fyrirtækisins séu að fullu upplýstir um þær kröfur sem samkeppnisreglur gera til starfsemi fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Skal tryggt m.a. eftirfarandi í þessu sambandi:

- a. Að innleidd verði samkeppnisréttaráætlun fyrir Securitas hf.



- b. Að samkeppnisréttaráætlun verði viðhaldið og starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins upplýstir um hana.**
- c. Að samkeppnisréttaráætlun taki m.a. til þess að tryggja að viðkomandi starfsmenn og stjórnarmenn fari að fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari.**
- d. Að útbúnir verði verkferlar sem tryggja stöðuga og trúverðuga framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar.**
- e. Að skipulögð fræðsla um samkeppnisreglur fari fram reglulega hjá Securitas hf. fyrir helstu starfsmenn fyrirtækisins.**

4. gr.

Securitas hf. skal kynna þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari fyrir starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrirtækisins með skýrum og tryggilegum hætti. Skal Securitas hf. upplýsa Samkeppniseftirlitið um hvernig staðið hafi verið að kynningunni sem og vinnu við endurskoðun samninga samkvæmt 2. gr. eigi síðar en 15. febrúar 2018.

5. gr.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson